



INDRIDI MIDILL

INDRIÐI MIÐILL

INDRIÐI MIÐILL

ENDURMINNINGAR

BRYNJÓLFS ÞORLÁKSSONAR SÖNGKENNARA

ÞÓRBERGUR ÞÓRÐARSON

FÆRÐI Í LETUR

Vikingsútgáfan

UNUHÚSI GARÐASTRÆTI 15—17 — REYKJAVÍK 1942

VÍKINGSPRENT H.F.

INNGANGSORÐ.

Mánudagskvöldið 6. nóvember 1939 varð mér gengið heim til kunningja míns hér í bænum. Þá bar svo við, að þar var staddur Brynjólfur Þorláksson söngkennari, var að stemma píanó fyrir þennan kunningja minn. Þegar Brynjólfur hætti vinnu sinni um kvöldið, settist hann inn til okkar og rabbaði við okkur þartil að afhallandi miðnætti.

Þetta var skemmtilegt kvöld. Meðal annara umræðuefna, sem þarna bar á góma, var Indriði Indriðason miðill og fyrstu ár hinna svokölluðu tilraunafunda hér á landi. Þessa kvöldstund kom það uppúr kafinu, að Brynjólfur kunni þar frá býsna mörgu að segja. Hann hafði verið einn með þeim fyrstu, sem mjög lék hugur á að kynnst hinum dularfullu nýjungum, er mikið orð fór af að gerðust á þessum skuggalegu samkundum „andatrúarmanna“. Almennigur í höfuðstaðnum taldi allt, sem þar fór fram, að vísu einskonar

djöflakukl og svartagaldur, ef ekki vísvitandi svik og loddaralistir.

En Brynjólfur lét ekki slíka fordóma á sig fá. Hann tók að sækja þessar furðulegu samkomur og var þar tíður gestur í nokkur ár. Þar kynntist hann Indriða miðli, og hófst brátt með þeim náinn kunningsskapur, sem hélzt þaðanífrá framundir dauða Indriða.

Sumt af því, sem Brynjólfur sagði okkur þetta kvöld, höfðum við að vísu heyrt áður. En frásögn hans var öll svo skilmerkileg og lifandi, af því að hann hafði sjálfur verið heyrnar- og sjónar-vottur að atburðunum, að engu var líkara en okkur væri sagt þetta þá í fyrsta sinn. Það jók og nokkuð á nýjung þessara greina, að Brynjólfur hermdi frá sumu lítið eitt á annan veg en við minntumst að hafa áður heyrt.

Mér heyrðist á Brynjólfi þetta kvöld, að honum þætti miður farið, ef þessar endurminningar hans um Indriða miðil féllu í gleysku eða gengju afbakaðar manna á meðal, eftir að hann flyttist héðan. Það varð því að samkomulagi okkar í milli, þegar við hittumst næst hjá þessum kunningja mínum, miðvikudagskvöldið 8. nóvember, að ég færði í letur allt hið helzta, sem hann myndi að segja frá Indriða og tilrauna-

fundunum. Þessu komum við svo í verk síðar um veturnum. Að kvöldi hins 15. og 17. janúar og 6. maí sagði Brynjólfur mér fyrir endurminningarnar, en ég skrásetti nákvæmlega eins og hann sagði mér. Hinn 2. nóvember 1941 las ég fyrir honum fyrstu hreinskrift mína á ftumritinu, og voru þá gerðar á henni örfáar leiðréttingar og aukið við hana nokkrum minni háttar atriðum. Nokkra kafla úr næstu hreinskrift las ég 10. desember fyrir Þorkeli Þorlákssyni bróður Brynjólfs, en þá greindi á um eitt atriði, einsog síðar getur. Daginn eftir, 11. desember, las ég þessa hreinskrift alla fyrir þeim báðum bræðrum og ritaði hjá mér það, sem á milli bar, einnig nokkra viðauka, er rifjuðust upp fyrir Brynjólfi í samtali þeirra bræðra.

Okkur var það ljóst við skrásetningu þessara fræða, að alltaf er nokkur hætta á, að ýmsu geti skeikað um minni manna í frásögnum, ekki sízt þegar langt er um liðið frá tíðindum þeim, sem sagt er frá. Hinsvegar vildum við greina svo frá atburðum í þessari bók, að þar yrði allt eins rétt sagt og kostur væri.

Það varð því að ráði að bera endurminningar Brynjólfs undir vitnisburð ýmissa mætra manna, er þekkt höfðu Indriða miðil og sótt höfðu lengur eða

IV

skemur tilraunafundina. Er þar fyrst að nefna Þorkel Þorláksson, sem hefur trútt minni, var vel kunnugur Indriða og tíður gestur á tilraunafundunum. Þá Halldór Jónasson kand. fil., Kristján Linnet fyrrverandi bæjarfógeta, Helga Hallgrímsson skrifstofumann og Þórarin Guðmundsson kaupmann, er var viðstaddur eitt kvöldið, sem sagt er frá. Enginn þessara manna hafði að vísu yfirlit yfir allt það fyrirbrigðatímabil, sem Brynjólfur segir hér frá. En allir gátu þeir veitt mér ýmsar upplýsingar um hin og þessi atriði í frásögn Brynjólfs.

Þarnaest bar ég handrit mitt samanvið allt hið merkasta, sem mér var kunnugt um, að komið hefði á prent um þessar greinir. En þar er sérstaklega að nefna eftirfarandi rit og ritgerðir:

Dularfull fyrirbrigði, bæklingur eftir Einar H. Kvaran, er út kom árið 1906. Þar fékk ég staðfestingu á sögunni um handleggshvarfið og ýmsu um „norska lækninn“.

Metapsykiske Fænomener paa Island, fyrirlestur, sem Einar H. Kvaran flutti í Dansk Metapsykisk Selskab 2. febrúar 1910 og síðan kom út í tímaritinu Sandhedssögeren (febrúarheftinu 1910).

Í svartaskóla, bréf frá prófessor Guðmundi Hannessyni til blaðsins *Norðurland á Akureyri*. Þessi stórmerku og skemmtilegu bréf birtust í blaðinu 21. desember 1910, 21., 28. og 31. janúar, 4. og 11. febrúar og 18. marz 1911.

Reimleikarnir í Tilraunafélaginu, fyrirlestur, sem prófessor Haraldur Níelsson hélt á alþjóðþingi sálarannsóknarmanna í Varsjá sumarið 1923 og séra Kristinn Daníelsson þýddi í *Morgun* árið 1930. Þar fékk ég vitnisburð um meginþorra hinna feiknlegu reimleikasagna af „Jóni í Vestmannaeyjum“.

Allar þessar prentuðu heimildir hafa það sér til ágætis, að þær eru færðar í letur eftir vottfestum vitnisburðum, er bókfærðir voru strax eftir hvern fund, sem þær herma frá, og sumir beinlínis á fundunum um leið og fyrirbærin voru að gerast. Bréf prófessors Guðmundar Hannessonar hafa auk þess þann sérstaka kost, að á fundunum, sem hann segir þar frá, fékk hann að haga öllu eftirliti með miðlinum og fundarmönnum eftir sínu eigin höfði, og verður ekki betur séð en þar hafi verið svo vendilega girt fyrir alla möguleika til svika, að það sé mannlegri skynsemi óhugsanlegt, að þau hafi getað átt sér stað, það er að

VI

segja, ef allar okkar skynjanir í þessum heimi eru ekki frá upphafi til enda einn svikavefur og blekking.¹⁾

Það, sem mér lék þó sérstaklega hugur á að kynna mér til samanburðar, voru sjálfar fundabækur Tilraunafélagsins. Ég vissi, að slík gögn höfðu verið rituð yfir flest hið markverðasta, sem gerðist á fundunum. En mér var sagt, þar sem ég spurðist fyrir, að bækurnar fyndust hvergi og myndu vera týndar.

Litlu fyrir jólin heppnaðist mér þó að komast á snoðir um, að tvær fundabækur Tilraunafélagsins væru í vörzlum séra Jóns Auðuns í Hafnarfirði. Ég sneri mér því til séra Jóns og bað hann að ljá mér bækurnar í nokkra daga. En hann svaraði því til, að ákveðið væri að ljá þær ekki annað en heim til einhvers, sem væri í stjórn Sálarrannsóknafélags Íslands. Það varð því að samkomulagi okkar á milli, að hann léði

1) Meðal annara ráðstafana, sem Guðmundur gerði, var að strengja net milli miðilsins og fundarfólksins þvertyfir tilraunasalinn og ofanfrá lofti og fast niðurað gólfi, svo að hvergi var hægt að stinga hendi í gegnum. Stundum hélt Guðmundur sjálfur miðlinum í transi fyrir innan netið. En þetta sýndist ekki draga minnstu vitund úr mætti fyrirþaranna, hvorki fyrir innan netið né utan það.

bækurnar heim til Jakobs Jóh. Smára, og þar las ég þær yfir dagana 18., 19., 20., 21. og 22. desember.

Fundabækur þessar náðu aðeins yfir tímabilið frá 9. september 1907 til 27. apríl 1908. Voru flestar fundagerðirnar ritaðar af Haraldi Níelssyni og Einari H. Kvaran og vottfestar af tveimur eða fleiri merkum fundarmönnum. Fyrri bókin virðist vera fyrsta fundabók félagsins. Fleiri fundabækur hefur mér ekki tekizt að spyrja uppi.

Í fundabókunum var ýtarleg lýsing á reimleikum „Jóns úr Vestmannaeyjum“ og að ýmsu leyti nákvæmari en Brynjólfur og prófessor Haraldur höfðu sagt þá sögu. Þar fékk ég og staðfestingu á hinu og þessu öðru, sem Brynjólfur hafði sagt í endurminningum sínum, t. d. á sumu um Sigmund, Jensen, „norska lækninn“ og „frönsku söngkonuna“. Þar fann ég einnig frásagnirnar af byrgishruninu, sitarnum, spiladósinni, lúðrunum og lúðurfætinum, sem sagt er frá í XXVIII. kafla.

Loks átti ég langt samtal við frú Gíslínu Kvaran, er mun hafa allra manna bezt yfirlit yfir það, sem gerðist á fundunum með Indriða, og varð ýmislegt skýrara fyrir mér eftir samtal okkar.

VIII

Um byggingu Tilraunahússins leitaði ég mér fræðslu hjá Jóni Guðmundssyni trésmið og ennfremur hjá byggingaskrifstofu bæjarins. Sigurður Halldórsson húsasmíðameistari gaf mér og nokkrar húsfræðilegar leiðbeiningar.

Pegar þessum eftirgrenslunum var lokið, hóf ég að rita þriðju og síðustu hreinskrift mína.

Niðurstaðan af samanburðinum á þessum munnlegu og bókfestu heimildum við frásögn Brynjólfs er í stuttu máli sem hér segir:

Brynjólfur man allar megingreinar atburðanna rétt, þó með tveimur undantekningum, en hefur gleymt ýmsum hinna smærri greina í atburðaröðinni. Honum hefur og sumstaðar skeikað í tímaákvörðunum. Hvorttveggja er mjög eðlilegt. Það er svo langt um liðið, síðan þessir atburðir gerðust, að smáatriðin, einkum í hinum mjög samsettu fyrirbærum, eru tekin að fyrnast. Í einstaka atriðum segir Brynjólfur þó auðsæilega nákvæmar frá en aðrar heimildir.

Ég hef því fyllt dálítið uppí endurminningar Brynjólfs með hinum bókfestu heimildum, oftast án þess að víkja að því sérstaklega, með því líka að sumt í þeim er á sínum tíma bókfært að nokkru leyti eftir

frásögn Brynjólfs, t. d. vökunóttin nafnfræga, sem segir frá í V. kafla, o. fl. Einnig hef ég leiðrétt eftir þeim fáeinum villur í endurminningunum, flestar smávægilegar og lúta að tímaákvörðunum. En munnlegu upplýsingarnar hef ég hagnýtt nálega allar þannig, að geta þeirra sérstaklega og oftast neðanmáls, svo að þær slitu ekki í sundur þráðinn í frásögn Brynjólfs.

Sumar sögur Brynjólfs hefur mér ekki tekizt að fá staðfestar annarsstaðar, sakir þess að frásagnarefnið hefur ekki borið uppá þann tíma, sem fundabækurnar ná yfir, og þeir, sem ég hef náð tali af, hafa ekki verið þar viðstaddir eða hafa gleymt atburðunum eða muna ekki að hafa heyrt í þann tíð frá þeim sagt. En þegar ég álykta frá þeim þáttum endurminninganna, er fengizt hafa staðfestar af öðrum heimildum, þá sé ég enga ástæðu til að bera brigður á sannleiksgildi hinna atvæðanna, og það því síður, að þær sögur Brynjólfs, sem þykja munu með mestum fádæmum, hafa hlotið staðfestingu bæði í hinum rituðu og munnlegu heimildum.

Ég tókst á hendur að færa í letur þessar endurminningar Brynjólfs Þorlákssonar af þeirri ástæðu, að ég

taldi þær þess virði, að þeim væri bjargað frá gleymsku og glötun, og það ekki sízt vegna þess, að allir, sem Brynjólf þekktu, báru honum þann vitnisburð í mín eyru, að hann væri maður ráðvandur og óljúgfróður.

Margt í þessum endurminningum horfir að minnsta kosti þannig við frá minni sjónarhæð, að það flytji lesandanum sámilegar líkur fyrir tilvist skynsemi gæddra einstaklinga fyrir utan eða innan þann heim, sem okkur er gefið að sjá með líkamlegum augum. Þegar nokkrir tugir manna horfa hvað eftir annað á ókunna veru standa í björtu ljósi mitt á meðal sín hér og þar í herbergi, þeir virða hana fyrir sér, þreifa á henni, hún talar við þá og segir þeim frá atburði, sem á þeirri stund sé að gerast á ákveðnum stað í fjarlægðu landi, og þegar þetta, sem hún sagði, sannast nokkru síðar að vera rétt í alla staði, — þá virðist mér, að erfitt muni reynast að skýra slíkt undur öðruvísi en á eina leið. Þegar Brynjólfur Þorláksson skiptir orðum við ósýnilegt afl, sem ekki aðeins mælir á mannlegu máli í loftinu utanvið hann, heldur skilur einnig til fullnustu hið mælda mál, sem við það er mælt, svarar því rétt, sem við það er sagt, framkvæmir það rétt, sem það er beðið að gera, ekki aðeins í eitt skipti,

heldur fjórum sinnum og í öll skiptin nákvæmlega eins og um var beðið, — þá sýnist mér ennfremur, að margt muni auðveldara en að útlista slíkt teikn á ýmsa vegu.

Ég veit, að það er mjög umhendis fyrir hugsana-
venjur margra manna að geta skilið, að til sé efnis-
heimur, er sé ósýnilegur augum þeirra og óþreifan-
legur höndum þeirra. Þó ætti þetta í sjálfu sér ekki
að vera neitt óskiljanlegra en sú staðreynd, að í líköm-
um okkar skuli leynast efnismassi, sem við höfum
yfirleitt enga hugmynd um, enginn skurðlæknir hef-
ur nokkur tíma séð, engin ljósmyndavél getað endur-
spjglað, engin smásjá opinberað í hversdags ástandi
hans. En samt sem áður göngum við öll með slíkan
„efnisheim“ í líkömum okkar. Það er ektoplasmað,
útfrymið, sem er ósýnilegt og óþreifanlegt nema í því
sérstaka ástandi, sem það kemst í, þegar það flæðir
útúr líkömum miðla. En í því ásigkomulagi hefur
maður eftir mann horft á það og þreifað á því. Það
hefur hvað eftir annað verið ljósmyndað. Vísindamenn
hafa áratugum saman athugað það, mælt það
og vegið. Og það hefur hlotið viðurkenningu vísind-
anna. En utan þessara fáu, óvenjulegu augnablika á

æfi tiltölulega örfárra manna er það undirorpið hulu óskynjanleikans.

Mér er einnig kunnugt um, að það er gömul þjóðsögn, sem ýmsum mun ennþá ljúft að trúa, að Indriði Indriðason hafi bara verið slunginn svikari, sem hafi vélt svona kænlega um nánustu vini sína og aðra, er stóðu að tilraunafundunum, meira að segja vafið um fingur sér jafn glöggum og gætnum mönnum og Einari H. Kvaran og Guðmundi Hannessyni, sem flestir landsbúar munu þó hafa talið standa talsvert nálægt því að vera meðal mestu vitmanna þjóðarinnar í nokkra áratugi.

Fyrir mér hefur þetta æfintýri um yfirburði Indriða æfinlega hljómað sem fremur lélega hugsaður barnaskapur. Indriði var að sönnu gleðimaður, gáskafullur á köflum, var gefin sú gáfa að geta stælt raddir ýmissa manna og átti það til á unglingsárnum sínum að bregða fyrir sig meinlausum brellum. En þurfti hann þessvegna að vera blygðunarlaus svikari?

Barnaskapurinn í dómum þessa fólks um Indriða miðil felst í því að gera sér ekki grein fyrir takmörkunum milli þeirra fyrirbæra, sem ef til vill er hugsanlegt, að hafi mátt koma í kring með brögðum, og hinna

XIII

fyrirbæranna, sem hverjum mannlegum mætti er ofvaxið að framkvæma með slíkum loddarakúnstum. Látum það heita svo, að raddirnar, sem töluðu gegnum Indriða og í loftinu fyrir utan hann, stundum fleiri en ein samtímis, hafi verið eftirhermur og búktal(!), jafnvel þegar hann sýndist vera í svo djúpum transi, að hann virtist ekki kenna neins minnsta sársauka, þó að hann væri stunginn nálaroddi. Látum það einnig heita svo, að hann hafi lagt sig niður við að snuðra uppi hinn og annan fróðleik hér og þar útum bæinn í því skyni að blekkja með honum fundagestina.

En að Indriði, lítt veraldarvanur sveitapiltur vestanaf Skarðsströnd, hafi með brögðum getað skapað skínandi bjarta ljóssúlu að hæð og gildleik á við meðalmann og komið fyrir bakvið hana á veggnum ljósfyrirbrigði, sem var á að líta einsog geislandi sól, og látið súluna færa sig til og frá um herbergið með leifturhraða, og þetta allt *samtímis* því, að fjöldi manns sér hann í birtunni af súlunni og sólinni sitja hreyfingarlausan í transi í sæti sínu, að hann hafi með svikum getað hafið 50 punda þunga spiladós alltað 5 álnir frá gólfi og látið hana svífa til

og frá í loftinu og það á sömu stundu og tveir karlmenn hafa hendur á honum sitjandi á stóli í transi, að hann hafi getað með loddarakúnstum snuðrað það uppi, að klæðaverksmiðja væri á þeirri stundu að brenna í Store Kongensgade útií Kaupmannahöfn, að *minnsta kosti viku áður en* það fréttist hingað til lands (símasamband við útlönd var þá ekki komið), — hér hlýtur órutluð dómgreind að grípa framí og segja: *Þetta* er óskiljanlegt að Indriði miðill hafi getað svikið.

Samt sem áður vil ég enganveginn fortaka, að Indriði hafi getað átt það til að bregða fyrir sig hrekkjum í miðilsstarfi sínu. Um það veit ég hvorki til né frá. Hitt er okkur öllum kunnugt, að sá breyskleiki er flestum mönnum borinn í hina lægri tegund skynsemi að beita fyrir sig brögðum, ef þeir fá ekki komið vilja sínum fram með heiðarlegum hætti. Og miðlar eru menn.

Auk þess megum við aldrei líta á miðil í miðilsástandi sem venjulegan mann. Á slíkum augnablikum er hann ekki vits síns ráðandi. Þar á ofan er hann mjög næmur fyrir og áveðurs fyrir áhrifum hédan og þaðan, sem geta náð meira eða minna valdi yfir orðum hans og gerðum. Það er þessvegna fávíslegt að setjast inná

tilraunafund með þá sannfæringu, að þessi miðill sé heiðarlegur og honum megi því í öllu trúa, eða að hann sé svikari, sem ekkert mark sé á takandi. Hann getur verið heiðarlegur í dag og svikið á morgun, og svik hans geta verið honum ósjálfráð engu síður en að þeim sé beitt af ráðnum hug.

En hitt er víst, að þörfin á að beita fyrir sig brögðum til þess að ná ákveðnu marki, verður að sama skapi minni sem sálarhæfileikar manna eru meiri. Vitnisburðir allra þeirra, sem voru miðilshæfileikum Indriða Indriðasonar nákunnugastir, taka af öll tvímæli um það, að hann hefur staðið á stigi þeirra miðla, er sízt þurfa að grípa til pretta til þess að kringum þá gerist furðulegir atburðir.

Indriði Indriðason var efalaust einn af stórkostlegustu miðlum, sem uppi hafa verið, jafnvígur fram-
anaf miðilsárum sínum á öllum sviðum miðildómsins, en það eru taldir mjög sjaldgæfir yfirburðir: raddmiðill, ritmiðill, flutningamiðill og líkamningamiðill og afburðamaður, gæddur alþjóðlegum mikilleik, í öllum þessum greinum.

Að endingu vill Brynjólfur Þorláksson láta þess getið, að hvorki hann né Indriði hafi nokkurntíma

XVI

verið undir áhrifum víns, þegar þeir atburðir gerðust,
sem bók þessi hermir frá.

Reykjavík, 13. febrúar 1942.

P. P.

I.

Ég held ég muni það rétt, að ég hafi fyrst kynnt Indriða Indriðasyni miðli haustið 1905. Kynning okkar hófst með þeim hætti, að ég tók þá að sækja tilraunafundina, sem þeir kölluðu svo, er að þeim stóðu, en Indriði var þar miðill. Fundir þessir voru einnig kallaðir sambandsfundir og drógu það nafn af því, að tilgangur þeirra var sá að leita sambands við framliðnar verur. En fólki, sem bar óvildarhug í garð þessarar viðleitni, var tamast að kalla þá andatrúarfundi.

Tilraunirnar með Indriða Indriðason byrjuðu síðara hluta vetrar 1905. Frumkvöðlar þessara fyrstu eftirgrennslana hér á landi eftir vísindalegum rökum fyrir framhaldi lífs eftir líkamsdaðann voru þeir Einar H. Kvaran rithöfundur, Haraldur Níelsson prestaskólakennari, Indriði Einarsson skrifstofustjóri, Björn Jónsson ritstjóri, Björn Kristjánsson kaupmaður og ýmsir fleiri. Fyrir atbeina þessara manna var síðan

stofnaður félagsskapur til þess að standa fjárhagslegan straum af tilraununum, og hét hann Tilraunafélagið.

Á árunum 1905 til 1907 voru tilraunafundirnir fyrst haldnir heimahjá Einari H. Kvaran, á miðhæðinni í húsinu nr. 2 í Mjóstræti, síðan í suðvesturhorninu á neðstu hæð í húsinu, sem nú er nr. 18 við Laugaveg, og þaræftir vesturá Stýrimannastíg, í nýbyggðu húsi, nr. 6, sem sumir kölluðu í gamni Andalucíu. En síðla sumars 1907 er byrjað að halda þá í Tilraunahúsinu eða Sambandshúsinu svonefnda, sem Jón Guðmundsson snikkari, nú til heimilis á Ránargötu 12 í Reykjavík, hafði reist fyrir félagið og leigði því síðan. Það var lítið bakhús einlyft, 22 1/2 alin að lengd, 12 á breidd og 6 á hæð. Stóð það við Þingholtsstræti og var nr. 3, austanmegin götunnar, svosem 6 til 7 faðma uppfrá götubrúnni, beint á móti prentsmiðjunni Gutenberg. Það var með flötu bárujárnsþaki og steingöflum og austurhlið einnig úr steini, en vesturhliðin, sem sneri að götunni, var gerð úr timbri og klædd bárujárni. Við götujúðarinn fyrir framan þetta hús stóð þá og stendur enn tvílyft timburhús, og var dálítið opið svæði, um hálf annars til tveggja faðma breitt, á milli húsanna.

Milli norðurgafls fremra hússins og suðurgafls næsta húss fyrir norðan það var og er enn um fjögurra álna breitt sund, sem gengið var um uppáð Sambands-húsinu. Hýbýlum í Sambandshúsinu var skipað sem hér segir:

Á vesturhlið hússins, um miðja vega, voru dyr og innaf þeim dálítill forstofa. Suðurúr forstofunni var gengið inní aðal-tilraunasalinn. Náði hann yfir húsið þvert og suðurað gaffli. Á salnum voru tveir gluggar, báðir á vesturhliðinni. Í þessum sal voru þeir tilraunafundir haldnir, sem almenningur átti aðgang að.

Í norðurhelmingi hússins meðfram vesturhliðinni voru tvö samliggjandi herbergi, hvort með einum glugga og báðum gegnt vestri. Náðu þau tæplega yfir hálfa breidd hússins. Var gengið inní syðra herbergið, sem var stærra, norðurúr forstofunni. Í þessum vistarverum bjó Indriði miðill, og svaf hann í nyrðra herberginu.

Bakvið þessi herbergi var dálítill salur, milli þeirra og austurveggjar hússins. Að honum voru tvennar dyr, aðrar norðurúr stærra salnum austast, en hinar, sem munu hafa verið minni, austurúr forstofunni. Þessi salur var oft kallaður sýningarsalur. Það nafn

mun hann hafa dregið af því, að þar voru gerðar tilraunir til að sýna líkamninga. En þær tókust aldrei að neinu ráði, eftirað þangað kom. Indriði var að sönnu mikill líkamningamiðill fyrstu árin. En sá hæfileiki hans dofnaði síðan, og var kennt um heilsubilun, sem eftilvill átti að einhverju leyti rót sína að rekja til andlegs áfalls, er hann varð fyrir. Uppúr ársbyrjun 1907 hvarf birtan, sem verið hafði samfara líkamninga-fyrirbærunum.

Í sýningarsalnum, sem einnig var kallaður litli tilraunasalurinn, voru fundir haldnir með völdu fólki. Það var svokallaður innri hringur. Valdi stjórnandinn hinumegin fólkið í hringinn, og voru það fastir fundarmenn. En auk þess var manni og manni, sem ekki var í hringnum, leyft að koma á fundina. Á þessum fundum taldi fólk sig oft fá betri sannanir en á almennu fundunum. Sú kvöð var lögð á alla í innri hringnum, að þeir böðuðu sig fyrir hvern fund. Með því áttu fyrirbærin að takast betur. Eitt sinn bar það við á fundi, að stjórnandinn hinumegin segir:

„Þið hafið farið öll í það nema Guðmundsen.“ Það var Þorgrímur Guðmundsen, sem hann átti við.

Þá svarar Þorgrímur: „Hvernig veiztu það?“


Því svaraði stjórnandinn:

„Ég finn það. Það er gott að athuga það, þegar verið er að leggja kraftböndin á, sérstaklega þegar það er maður, sem kraftur er tekinn frá. Svitaholurnar eru ekki eins opnar á þér, einsog þegar þú hefur tekið bað.“

Þetta var rétt. Þorgrími Guðmundsen hafði láðst að baða sig áður en hann fór á fundinn. En um það vissi enginn annar, sem á fundinum var, og ekki heldur miðillinn, sem stjórnandinn talaði í gegnum.

Hýbýlaskipun í Sambands húsinu má gera lítið eitt ljósari með eftirfarandi teikningu, sem gerð er eftir uppdrætti af húsinu, sem geymdur er í byggingaskrifstofu bæjarins.

Á teikningunni, sem geymd er af húsinu í byggingaskrifstofunni, eru 4 gluggar á stærri tilraunasalnum, 2 á fremra herbergi Indriða, dyr að sýningar-salnum á svefnherberginu norðanvið þvottabordið, en engar dyr austurúr forstofunni. En kunnugustu og áreiðanlegustu menn segja svo frá, að þessu hafi öllu verið eins fyrir komið og sýnt er á teikningunni hér fyrir framan. Það var ærið algengt í þá daga, að því



- 1 dyr.
- 2 gluggar.
- 3 forstofa.
- 4 stærri tilraunasalurinn.
- 5 stóllinn, sem ég sat á, þegar hatturinn var tekinn af mér.
- 6 ræðupúlt.
- 7 ofn.
- 8 ofn og reykháfur.
- 9 byrgið, sem var með múrveggjum.
- 10 munnri tilraunasalurinn, með hækkanði bekkjum. Tala bekkjanna er sett af handa- hófi.
- 11 Örmjór gangvegur uppí bekkina.
- 12 fremra herbergi Indriða.
- 13 harmoníum.
- 14 borð.
- 15 svefnherbergi Indriða.
- 16 borð.
- 17 rúm Indriða.
- 18 rúm Þórðar Oddgeirssonar.
- 19 Þvottaborð. Eftir frásögninni í V. kafla hafa þarna staðið tvö þvottaborð og kommóða á milli þeirra.
- 20 Stóll miðilsins.

er byggingaskrifstofan tjáir, að teikningum væri ekki nákvæmlega fylgt, þegar farið var að koma upp húsunum.

II.

Fljótlega eftirað tilraunirnar hófust með miðilsgáfu Indriða Indriðasonar, tóku að ganga um bæinn hinar fáránlegustu ógnasögur um það, sem haft væri í frammi á fundum þessara hræðilegu manna. Þeir áttu að iðka einskonar svartagaldur, særa fram burtsofnaðar verur, vekja upp drauga, temja sér þjónustu við sjálfan djöfulinn. En aðrir stimpluðu þá sem ginningafífl miðilsins og auðtrúa einfelðninga. Forvígismönnum tilraunanna var úthúðað hátt og lágt, einkum Einari H. Kvaran. Þeir voru uppnefndir, gerðir hlægilegir og skammaðir með þessum frumstæða munnsöfnuði, sem lengstum hefur legið hér í landi. Og miðlinum var þvælt upp úr öllum hugsanlegum lýtum og löstum. Hann var hermikráka, lygari, svikari og drykkjurútur. Forustuna í öllum þessum ofsóknarskítmokstri höfðu pólitískir andstæðingar Einars og Björns Jónssonar. Indriði, sem var

mjög tilfinninganæmur, tók sér þetta ruddalega nið ákaflega nærri¹⁾).

Ég var í hópi þeirra manna, er snemma lék hugur á að kynnast þessum undrum af eigin raun og tók því að leggja leiðir mínar á samkomur tilraunamanna. Þar bar fundum okkar Indriða fyrst saman. Þau kynni leiddu fljótlega til náins kunningskapar. Það voru miðilshæfileikar hans, er að mínu viti voru frábærir, sem drógu mig einkum að þessum furðulega manni. Við vorum oft saman og áttum margt saman að selda. Ég kom iðulega heim til hans, og hann heimsókti mig alltaf annað veifið. Ég hygg þessvegna, að ég hafi þekkt Indriða miðil nokkurnvegin einn vel og menn kynnast fólki, sem þeir eru með langvistum.

Af viðkyrningu okkar er það almennt að segja, að mér féll Indriði vel í geð. Hann var skynsamur maður, umgengnisgóður og allra bezti drengur. Hann var að vísu ekki sérlega fastur í rásinni, sem svo er

1) Einar H. Kvaran og fleiri telja, að þessar ofsóknir hafi haft mjög slæm áhrif á miðilsgáfu Indriða, og er það hvorki í fyrsta né síðasta sinn, að íslenzkur lágkúruskapur og tilfinningaleysi hafa skaðað góða hæfileika.

kallað. Hann tók sér lífið fremur léttilega, var hálf-gert náttúrubarn, hafði mjúka skapsmuni, en var þó geðríkur, var gamansamur og dálítill spilagosi, en allt hans gaman var græskulaust. Það bólaði aldrei á neinu í fari hans, er bæri vitni um biturleik eða ótuktarskap. Hann var þvertámóti góðviljaður og greiðvikinn, glaðvær og skemmtilegur í viðmóti. Hann var gæddur eftirhermugáfu í betra lagi, en iðkaði hana í hófi. Hann gat haft það til að skvetta í sig áfengi, en það var þó ekki til mikilla lýta þau ár, sem við vorum saman.

Aldrei varð ég þess var, að Indriði beitti hrekkjum eða brögðum, hvorki í daglegu lífi né miðilsstarfi sínu. Fyrirbærin, sem kringum hann gerðust, voru mörg þannveg vaxin og birtust í slíkum aðstæðum, að mínu viti er ofvaxið að skilja, hvernig þau hefðu getað verið runnin undan leikaraskap og svikum Indriða. Það var og margsannað, að þessi undur gerðust engu síður, þó að Indriði væri undir strangasta eftirliti og allrar hugsanlegrar varúðar gætt í hvívetna. Dugir þar væntanlega að vitna í hinar merku greinar, sem Guðmundur læknir Hannesson reit um tilraunafundina, er hann var á og fékk að haga allri að-

gæzlu með Indriða eftir sínu höfði. Ég tel og efa-
laust, að Indriði hafi verið rammskyggn. Það var al-
menn skoðun, að hann væri lítt lesinn, og það var
án efa rétt. Hann kunnir til dæmis ekkert útlent mál
nema dálítið hrafl í dönsku. Einu bókmenntirnar,
sem hann virtist hafa dálitla nasasjón af, voru íslensk
ljóð. Hann hafði yndi af ljóðum. Hann hafði miklar
mætur á Matthíasi Jochumssyni, Þorsteini Erlings-
syni og Jónasi Hallgrímssyni. Hann var og söng-
hneigður og hafði unun af söng.

Indriði var fríður maður sýnum, vel vaxinn og
snyrtimenni í klæðaburði og framkomu.

Þannig kom Indriði miðill mér fyrir sjónir öll þau
ár, sem leiðir okkar lágu saman.

III.

Það, sem mér hefur orðið minnistæðast frá sam-
verudögum okkar Indriða miðils, eru *undrin*, er gerð-
ust í návist hans bæði á tilraunafundunum og utan
funda. Eitt af fyrstu undrunum, sem ég varð áþreif-
andi að, gerðist á fámennum fundi. Það var í myrkri.
Indriði sat í litlum sóffa, að því er mig minnir, frem-
ur en í hægindastól, og var í transi (sambandsástandi).

Þá vitum við ekki fyrri til en búið er að hefja sóffann á loft með Indriða í, án þess að við yrðum varir við, þegar honum var lyft. Stjórnandinn hinumeginfrá, sem kvaðst vera Konráð Gíslason, afabróðir miðilsins, talaði af vörum hans og bað okkur að þreifa á sóffanum til þess að komast að raun um það, sem gerzt hefði, og fullvissa okkur um, að þarna væru ekki nein þekkt öfl að verki. Þreifudum við nokkrir vandlega hátt og lágt um sóffann, undir hann og allt í kringum hann. Það var ekki um að villast. Sóffinn var hérumbil brjósthæð okkar frá gólfi með Indriða í, og gengum við úr skugga um, að honum var ekki haldið uppi af neinu finnanlegu afli. Þannig sat sóffinn blýfastur í loftinu það lengi, að við höfðum allir nægan tíma til að þreifa á honum. Síðan seig hann hægt niðurá gólfið.¹⁾

1) Frú Gíslína Kvaran segir, að hún og fleiri hafi verið áhorfendur að því, að miðlinum hafi verið lyft af ósýnilegu afli uppundir loft í tilraunaherberginu. Sama segir Einar H. Kvaran í Metapsykiske Fænomener paa Island.

IV.

Það fyrirbærið, sem einna mesta furðu vakti á fundum með Indriða, gerðist heimahjá Einari H. Kvaran veturinn 1905 til 1906. Það var þegar vinstri handleggurinn á Indriða gerðist óskynjanlegur. Ég var á fundunum, þegar þessi undur gerðust. En nú er svo langt liðið síðan, að ég er farinn að gleyma þessum óskiljanlega atburði í smærri atriðum. Að hinu leytinu var hann svo sérstæður og merkilegur, að ég vildi geta skýrt sem greinilegast frá honum. Þessvegna leyfi ég mér að fylla upp í eyður mínar með frásögn annars fundarmanns, Einars H. Kvarans, en uppistaðan í henni var rituð á fundunum, jafnóðum og þetta var að gerast. Einar segir svo frá þessu í fyrirlestri, sem hann flutti 5. maí 1906, um fyrirbærin á fundum með Indriða:¹⁾

1) Þessi fyrirlestur var síðan gefinn út sérprentaður í bæklingform og heitir *Dularfull fyrirbrigði*. Frásögnin af handleggshvarfinu er á bls. 26—32.

„Fyrstu viðleitni í þá átt (að aflíkama handlegginn) varð vart 18. des. Miðillinn var í millibilsástandi. Allt í einu fóru að heyrast brestir í handleggnum á honum. Og þá tautaði hann þetta, sem hér fer á eftir. Það var skrifað upp orðrétt jafnóðum og hann sagði það.

„Æ, mér er að líða fyrir brjóst. Æ, þú ert að taka frá mér handlegginn. Ég er hjálparlaus. Er nokkur ykkar þarna? Hvar er hann? Æ, mér er varnað alls Hvar er hann?“

Hann kallaði þá á mig (þ. e. Einar H. Kvaran), og ég spurði hann, hvort hann vissi af sér. Hann svaraði:

„Já. En ég má ekki tala. Æ, það er hætta! Já, já. Kveiktu! Kveiktu! Höndin er farin! Æ, taktu af honum hnífinn.“ Nú veinaði hann sárt og virtist ávarpa einhvern ósýnilegan: „Ég skal aldrei halda uppá þig aftur. Nei, ekki með hnífinn!“

Þá var sagt (á dönsku): „Vær nu stille!“

Í því bili fór að tala stjórnandinn, sem ég mun síðar segja nákvæmar frá og tekið hafði við miðlinum í nóvember. „Hvað eruð þið að bræða hér?“ sagði hann.

Miðillinn: „Æ, komdu nú blessaður og sæll! Retku þá burt! Þeir ætluðu að fara að drepa mig, þegar þú komst.“

Stjórnandinn: „Komið þið nú sæl! — Þeir voru eitthvað að teygja sundur á honum handlegginn. Þetta eru smáæfingar, þangað til þeir gera það til fullnustu. Þeir vöktu hann; kunnáttuna vantaði. En hann veit ekkert af þessu eftir á. Það er ekki vert að láta hann vita af því, að það hafi átt að taka af honum höndina. Fyrsta skilyrðið er, að þið verðið ekki hrædd. Hann verður dofinn í hendinni, þegar hann vaknar, því að Jensen tók hana úr liði.“

Þar með virtist þeim tilraunabætti vera lokið það kvöldið. Þar á eftir fór það fram, er nú skal greina, og ekki virtist standa í neinu sambandi við tilraunina með handlegginn.

Miðillinn: „Það er gott að losna við þetta.“

Þá er sagt á dönsku: „Vi skal tage ham helt op, hvis vi kan.“

Stjórnandinn: „Sá hollenzki var að eiga við hann, æfa hann, ná úr honum krafti. Við þurfum mikla æfingu, til þess að það komi að tilætluðum notum.“

Rétt á eftir kom hristingur á borð og stól, ljós og högg.

Eins og þið hafið sjálfsagt tekið eftir, *fannst* miðlinum höndin vera tekin af sér. En gestirnir segja, að þetta hafi ekki verið annað en „smáæfingar“ og að ekki hafi verið annað að gert en að taka höndina úr liði.

Daginn eftir skrifaði miðillinn heima hjá sér ósjálf-rátt, en vakandi, alvarlegar áminningar um það, að á tilraunafundinum næsta kvöld yrðu menn að vera mjög rólegir og hafa hljótt um sig. Annars gæti líf miðilsins verið í veði. „Operation“ ætti að fara fram á honum, en hann mætti ekki fá neina vitneskju um það fyrirfram, svo hann kæmist ekki í neina æsingu.

Þá skal ég lofa ykkur að heyra það, sem gerðist á fundinum næsta kvöld (19. des.). Eftir venjulega fundarbyrjun, söng frá okkur, bæn frá stjórnandanum, virtist stjórnandinn bregða sér burt stundarkorn. Svo segir miðillinn:

„Komdu nú sáll og blessaður! Ég gleðst af að sjá þig koma. En hvað ætlarðu að gera við alla þessa

hnífa? — Nei, nei, nei!“ (Fer inn í byrgið). „Nei, nei, það má ekki.“

Rödd stjórnandans: „Passið þið!“

Nú heyrðust um stund kvalastunur frá miðlinum innan úr byrginu. Þá kemur hann fram úr byrginu og segir eins og raunamæddur:

„Hvenær komið þið með hann aftur?“

Þá kom miðillinn til mín — ég sat innst í salnum — rétti mér tóma vinstri ermina á jakkanum sínum og sagði með rödd stjórnandans: „Haldið hérna í, varlega. Það má þreifa með gætni.“

Ég þreifaði og fann ekki vinstri handlegginn.

Stjórnandinn: „Taktu jakkann og farðu varlega. Taka hann hægra megin!“ — Ég lét hann fara fram fyrir; það er frekara hressandi loftið þar. Ég er hræddur um, ef hitinn verður of mikill, að honum blæði.“

Miðillinn fór þá fram í autt herbergi, fram af salnum og var þar ofurlitla stund. Þá kom hann aftur inn og fór inn í byrgið.

Þá var kallað á mig með rödd stjórnandans: „Viltu vita, hvort nokkuð blæðir úr nefinu á honum?“ Ég

spurði, hvort ég mætti þá kveikja á eldspýtu. „Já, en þið megið ekki hafa ljósið lengi.“

Ég kveikti og sá, að ekkert blæddi. Miðillinn lá á hálmþýnu á hægri hliðinni í byrginu. Ég athugaði aftur, hvort ég fyndi ekki handlegginn. En það fór á sömu leið.

Miðillinn: „Æ, hvert ætlið þið með hana? Hvar er hún?“

Stjórnandinn: „Gáið þið nú vel að, hvort þið sjáið nokkur fyrirbrigði fyrir framan hjá ykkur; vera mætti, að sæist einhverju verkfæri veifað, svo sem eins og hendi frænda míns.“

Við litum vandlega í kringum okkur út um salinn, en sáum ekkert. Þar á móti fundu tveir piltar kalda og mjúka hönd koma við andlitið á sér.

Mér var enn boðið að þreifa um öxlina, og ég gerði það svo rækilega, sem ég gat, og fann ekki handlegginn.

Stjórnandinn: „Þetta fáíð þið að sjá með tímanum í björtu. En af því að við erum svoddan viðvaningar, þá getum við ekki komið því til leiðar nema svona. Hafið þið orðið vör við nokkuð? (Honum var sagt, hvers menn hefðu orðið varir). Já, hún var

köld. Tóku þeir á henni? — Sökum þeirrar „operationar“, sem hér hefur farið fram, má ég ekki hafa hann lengi. Honum verður kannski bilt við, þegar hann vaknar. Ég ætla að setja hana á svona, án þess að afklæða hann áður. Það væri gott, að einhver væri við (inni í byrginu), þegar hann vaknar. Ég segi ykkur til, þegar ég er búinn að setja hann í sömu stellingar.“

Nú fóru að heyrast brestir frá miðlinum, og jafnframt heyrðist eins og væri verið að nudda hann. Rétt á eftir tók hann til máls með sínum eigin málrómi:

„Æ, æ, hvar er ég? (Hann var spurður, hvort stjórnandinn væri viðstaddur). Ég veit það ekki. (Hvort honum liði ekki vel). Nei, mér er illt í hendinni. Hvar er ég? (Honum var sagt, hvar hann væri). Nei, ég er heima. Er ég löngu háttadur? Nei, ég er ekki þar. Það eru einhverjar tvær hræður við öxlina á mér. Þeir eru hvor á móti öðrum, eins og þeir séu að toga saman eitthvað. Það á eitthvað að fara að gera mér illt. Ég er í svo mikilli hættu. Þeir eru með opinn voða. Æ, kveikið þið. Nei, strax! Æ, reisið þið mig upp! Hver er að pikka í mig?

Eruð þið að því? Hver er þá að því? — Æ, komdu nú sæll! Þú skilur mig eftir í þessum fanta-höndum!“

Stjórnandinn: „Komið þið nú sæll! Nú fer ég að vekja hann. Hann verður kannski máttlaus í hendinni; en það verður ekki lengi. — Við erum nú með efri handlegginn; hitt er líflaust. Verið þið blessuð og sæll! Ég vona það takist vel. — Viljið þið láta fortjaldið fyrir, svo að hann verði orðinn kaldur áður?“

Eftir dálitla stund vaknaði miðillinn og kvartaði um dofa og máttleysi í vinstri hendinni, en var að öðru leyti heilbrigður.

Þetta kvöld var ekki öðrum boðið að athuga fyrirbrigðið en mér einum. Ég fór ekki fram á það þá, því að bæði hafði svo rík áherzla verið á það lögð þá, að algerð kyrrð yrði að vera í salnum, og svo virtist, sem sá hreimur væri í rödd stjórnandans, að hann væri dálítið smeykur um úrslitin.

En kvöldið eftir (20. des.) kom sama fyrirbrigðið aftur. Ég ætla ekki að tefja tímann með að fjölyrða um það. Læt mér nægja að geta þess, að þá var fyrirbrigðið athugað af 5 mönnum og hvað eftir annað kveikt á meðan. Þeim fór öllum eins og mér.

Enginn fann handlegginn. En 3 fundarmenn fundu hönd strjúkast um andlitin á sér frammi í salnum, þegar miðillinn lá inni í byrgi.

Þetta fyrirbrigði kom einu sinni fyrir löngu seinna, í vetur eitt kvöld, alveg að óvöru. Þá var það enn athugað af 7 mönnum og hvað eftir annað í ljósi. Ég var einn þeirra, og ég get sagt um sjálfan mig, að ég fekk þá öruggari vissu en áður. Miðillinn stóð þá á gólfinu, og ég strauk frá öxlinni niður eftir síðunni og bakinu og eins að framan. Sömuleiðis strauk ég hringinn í kringum hann, hátt og lágt um bolinn. Mér finnst það blátt áfram hlægilegt að hugsa sér, að ég hefði ekki orðið var við handlegginn með jafnvandlegri þreifingu, ef handleggurinn hefði verið þar í venjulegu ástandi, nema ef ég hef á þeirri stundu orðið fyrir einhverjum dáleiðsluáhrifum, og þar hefur verið um einhverja skynvillu að tefla. Þá hafa allir hinir sex orðið fyrir samskonar áhrifum, því að öll rituðum við í fundarlok undir vottorð þess efnis, að handleggurinn hefði ekki verið okkur skynjanlegur, og öll tjáðum við okkur fús til að staðfesta það vottorð með eiði.

Ég veit ekki, hvort er dularfyllra, að við höfum

öll orðið fyrir sömu skynvillunni á þessari stund, eða hitt, að handleggurinn hafi í raun og veru óskynjanlegur orðið.“

Þannig segir Einar H. Kvaran frá þessum atburði samkvæmt því, sem skjalfest var á fundunum og strax eftir þá.

Ég var einn af þeim 7, er þreifudu eftir handleggnum á Indriða og ritudu undir vottorðið, sem við tjáðum okkur fúsa að staðfesta með eidi.

Þessi atburður vakti á sínum tíma mikið umtal í bænum og þótti eitt af dularfyllstu fyrirbærunum, sem gerðust á fundum með Indriða.

V.

Sumarið 1907 var Indriði boðinn til Oddgeirs prests Guðmundsen í Vestmannaeyjum og átti þar nærri vikudvöl. Það var dagana milli 27. september og 3. október. Þá ber það við einn dag, að Indriði er úti í gangi með tveimur dætrum prests. Hefst hann þá uppúr einsmannshljóðum, bendir hendinni og segir í dálítið gáskafullum tón:

„Hvaða náungi er nú þetta, rennvotur?“

„Hvað ertu að segja?“ svara stúlkurnar og varð litið þangað, sem Indriði benti. „Þarna er enginn lifandi maður,“ en biðja hann þó að lýsa mannum svolítið betur. Indriði gerir það og segir meðal annars, að hann sé berhöfðaður og jakkalaus, í röndóttri milliskyrta, svörtum buxum og með mjóa mittisól yfirum sig.

Þóttust dætur prests kenna þar af lýsingunni mann nokkurn, Jón að nafni Einarsson, er hafði drekkst sér í Vestmannaeyjum í reiðikasti fyrir nálega einu ári. En

áður hafði hann auðsjáanlega tekið af sér hattinn og farið úr jakka og vesti, því að þessar spjarir fundust á sjávarbakkanum, þegar hans var leitað. En um það hafði Indriði enga hugmynd. Þetta þótti ennfremur einkennilegt fyrir þá sök, að Indriði sá manninn í för með konu og barni, sem hann og dætur prests gengu hjá á leið sinni, en konan var engin önnur en ekkja Jóns. Um það vissi Indriði heldur ekki neitt.

Einhverntíma síðar, meðan Indriði dvaldist í Eyjum, var hann aftur úti á gangi með dætrum prests. Sér hann þá þennan sama náunga við hús eitt í kaupstaðnum. Í því húsi hafði Jón átt heima, þegar hann drekkti sér, og lá það orð á, að þar væri reimt síðan. Þetta hvorttveggja var Indriða einnig ókunnugt um.

Undireinsog Indriði kom til Reykjavíkur úr Vestmannaeyjaförinni, þótti það verða bert, að Jón hefði fylgt honum úr Eyjum. Var það sumra mál, að það væri í hefndarskyni fyrir glettni Indriða í garð Jóns, þegar hann sá hann í fyrsta sinn. En hvað sem hæft var í þeirri ágizkun, þá var hitt víst, að Indriði fullyrkti, að Jón fylgdi sér og leitaðist við að gera sér ýmsar glennur, stæði til dæmis í vegi fyrir sér, gretti sig framan í sig og sæti um að hræða sig. Gekk þessi

áleitni Jóns svo nærri Indriða, að hann treystist ekki til að sofa einn í Sambandshúsinu og fékk nú Þórð, son Oddgeirs prests til þess að vera þar hjá sér á nóttum. Þórður mun þá hafa verið byrjaður á námi í prestaskólanum.

Það leið ekki heldur á löngu áður en Jón tæki að láta til sína heyra á sambandsfundum, bæði á hinum almennu fundum og í innra hringnum. Fyrst varð hans þar vart laugardagskvöldið 5. október, en ekki lét hann neitt að ráði til sín taka fyrr en rúmum tveim mánuðum síðar eða að kvöldi hins 7. desember, sem þá bar uppá laugardag. Uppúr því gerðust reimleikar Jóns svo rammir, að flest allt fast og laust ætlaði af göflunum að ganga í Tilraunahúsinu og miðillinn virtist vera í mikilli hættu. Varð ekki betur séð en Jón legði sig mjög í framkróka með að gera okkur allt til óleiks og bölvunar, sem hann gæti. Þessvegna var ekki annað talið þorandi en að fá einhvern til að halda vörð um miðilinn á nóttinni með Þórði, og skiptumst við nokkrir á um þann starfa. Aðfaranótt hins 9. desember var Einar H. Kvaran þar á verði. Gekk þá svo mikið á í herbergjum Indriða, að þeir urðu að flýja heim til Einars um nóttina,

en þar urðu einnig nokkrir reimleikar, eftir að heim kom. Næstu nótt vakti Haraldur Níelsson. Urðu þá allmiklar hræringar, en gengu þó ekki svo nærri, að þeir þyrftu að flýja húsið.

Nóttina eftir, aðfaranótt hins 11. desember, féll í minn hlut að vaka hjá Indriða. Sú nótt mun mér seint úr minni líða. Þeir Þórður og Indriði háttuðu um kvöldið hvor í sínu rúmi, en ég henti mér útaf á legubekk í fremra herberginu. Engum okkar kom dúr á auga. Indriði leið undireins í trans, og stjórnandinn talaði af vörum hans og sagði, að nú yrði hann að hafa hraðann á, því að Jón væri á leið heim til okkar. Sigmundur og norskir læknirinn D. C. Daniels- sen, en þeirra mun ég geta nánar síðar, gerðu einnig vart við sig. Kvaðst Sigmundur hafa hitt Jón í dag, og hefði hann þá verið búinn að birgja sig upp með töliverðan kraft.¹⁾ Að því búnu vaknaði miðillinn úr transinum.

Stjórnandinn hafði lagt svo fyrir, að slökkva skyldi í herbergjum Indriða, þegar við gengjum til náða, því að ljós væri verndurum miðilsins til meira ógagns

1) Sagt var, að hann næði í kraftinn úr hinum og öðrum úti í bæ, þar á meðal Magnúsi Ólafssyni ljósmyndara. P. P.

heldur en Jóni, er að honum sækti í líkama, sem væri þéttari en þeirra.

Nú verður það næst til tíðinda, að tveimur kerta-
stjökum, sem stóðu á harmoníum í fremra herberg-
inu, er kastað niðurá gólf. Þar næst er bursta, sem var
undir kommóðu í sama herbergi, hent inní svefnher-
bergið. Þá hljóðar Indriði á hjálp og segir:

„Hann er kominn!“

Ég bregð samstundis við og snarast inní herbergið
til miðilsins og að rúmi hans. Finn ég þá, að hann
er að hefjast á loft í rúminu, og leggst ég ofaná hann
til þess að halda honum niðri. Þá er borði, sem stóð
úti við gluggann milli rúmana í svefnherberginu,
lyft uppí rúm Þórðar. Tek ég það og set það niður
þangað, sem það áður stóð. Þá slotar nokkur andar-
tök, og ég fer aftur framí fremra herbergið. En rétt í
því hrópar miðillinn aftur úr rúmi sínu, að Jón sé
þar ennþá kominn. Ég sný undireins inní svefnher-
bergið, en þegar ég kem í dyragættina milli herbergj-
anna, veit ég ekki fyrri til en gusa af vatni kemur
framaní mig, og í sömu svipan dettur vatnskanna
niðurá gólfið fyrir framan fæturna á mér. Kannan
hafði staðið á þvottaborði, sem var 4 til 6 fet frá fóta-

gafli Indriða. Ég held nú áfram að rúmi hans. Þá verður stutt kyrrð. Indriði segir, að nokkrir sjódauðir menn hafi verið í för með Jóni. Hafi þeir verið að tala um það sín á milli, að þeir þyrftu að bregða sér burtu til þess að sækja meiri kraft. Indriði var ákaflega skelk-aður. Svo líður dálítill stund, þartil Indriði segir:

„Nú koma þeir. Þeir koma þarna gegnum vegginn.“ Það var veggurinn yfir rúmi Indriða. Hann gat þess líka, að einn þeirra væri með hattkúf á höfði, og væri hann bundinn undir kverkina með snæri. Rétt í þessu sendist náttpottur undan rúmi Indriða framí fremra herbergið og brotnar þar á gólfinu. Í sömu svifum er rúminu rykkkt frá veggnum hérumbil hálfu alin, þrátt fyrir það, að ég ýtti fast á mótí og spyrnti vinstra fæti í rúm Þórðar til þess að geta neytt betur krafta minna. Um leið finn ég, að verið er að lyfta Indriða upp í rúminu, og varð ég að beita miklu afli til þess að halda honum niðri. Var svo kraftalega ýtt á rúmið og lyft undir Indriða, að mér skrikaði fóturinn uppaf rúmstokki Þórðar, og rann hann innaf stökkbrúninni, svo að skinnið hruflaðist framaná fótleggnum frá öklalið uppað hnéskel. Meðan á þessu gengur, kemur Þórður framúr rúmi sínu mér til hjálp-

ar. Þá er hafið á loft borðið, sem var milli rúmana. Féll það síðan niður á herðar Þórði, þar sem hann stóð við fótagaflinn á rúmi Indriða. Þórður grípur til hendinni og þrífur í einn fót þess og heldur því föstu, meðan hann fer uppí rúm sitt aftur og dregur ábreiðuna uppyfir höfuð. Þá er borðplötunni lamið nokkra stund í sífellu ofaná höfuð honum.

Gauragangurinn í hýbýlum Indriða gerðist nú svo ískyggilegur, að við sáum okkur ekki fært að hafast þar við lengur og afréðum að flýja heim til Einars H. Kvarans. Við spurðum þá stjórnandann um leyfi áðuren við legðum af stað, og Indriði sagði, að hann svaraði:

„Já, í öllum guðanna bænum!“

Við kveiktum síðan á olíulampa, sem stóð á kommóðunni milli þvottaborðanna í svefnherberginu. Einnig kveiktum við á þremur kertum í fremri stofunni. Ég stóð í dyrunum milli herbergjanna. Þórður sat á legubekknunum í fremri stofunni. En Indriði stóð í rúmi sínu og var að byrja að klæða sig. Ég gef honum nánar gætur og sé nú allt í einu, að honum er slengt niðuri rúmið. Þá hleyp ég til hans, en í sama vetfangi þeytist á móti mér kanna, sem stóð á komm-

óðunni í svefnherberginu. Hún hittir mig þó ekki, heldur strýkst framhá mér, breytir síðan um stefnu og tekur beint strik úti suðausturhornið í fremra herberginu, sendist þar á ofninn og mölbrotnar.

Indriði tekur nú aftur að klæða sig og er að fara í buxurnar, en ég vík framí fremra herbergið og stend þar. Þá hrópar Indriði enn á hjálp. Ég þýt til hans inní svefnherbergið. En þá gefur að líta sjón, sem ég gleymi aldrei. Indriði liggur láréttur í loftinu svosem í brjósthæð minni og sveiflast þar fram og aftur, með fæturna útað glugganum, og virðist mér hinn ósýnilegi kraftur, sem heldur honum í lofti, vera að leitast við að skotra honum útum gluggann. Ég hef ekki hér á neina bið, gríp yfirum miðilinn, þar sem hann vofir í loftinu, og þrýsti honum niðuri rúmið og held honum þar föstum. En þá finn ég, að okkur er báðum lyft upp. Hrópa ég þá á Þórð Oddgeirsson og bið hann að koma okkur til hjálpar. Þórður bregður við og af stað inní svefnherbergið. Þá er kastað á móti honum stóli, en Þórði tekst að skjóta sér framhá honum, og fellur stóllinn niður hjá ofninum í fremra herberginu. Þegar Þórður kemur inní svefnherbergið, ligg ég á brjósti Indriða, en hann leggst

ofaná kné hans, og er Indriði þá allur á riði í rúminu. Þá er undirkoddinn þrifinn undan svæfli Indriða, honum kastað uppí loftið, og féll hann niðurá gólf. Og í sömu andrá er kertastjökunum, sem voru í fremri stofunni, þeytt inní svefnherbergið.

Þegar Indriða hafði loksins unnizt tími til að komast í fötin, leggjum við allir af stað heim til Einars H. Kvarans. Þórður hafði tekið lampann með ljósinu af kommóðunni í svefnherberginu og heldur á honum í vinstri hendi, en heldur hægri hendi um vinstri handlegg Indriða. Ég gekk við hina hlið miðilsins og hélt vinstri hendi um hægri handlegg hans.

Þannig gengum við hlið við hlið útúr svefnherberginu og gegnum fremri stofuna og slökktum þar kertaljósin. Gengum við í varúðarskyni afturábak, því að við þjuggumst við, að árásirnar myndu einkum steðja að okkur innanúr svefnherberginu. Þegar við erum að komast framað dyrum á fremri stofunni, sjáum við, hvar leirskál, sem staðið hafði á öðru þvottaborðinu, kemur á fleygiferð útúr innra herberginu, nálega mannhæð frá gólfi, og stefnir rakleitt á okkur. En þegar hún er komin alltaðþví hálfra leið úti fremri stofuna, gerist ennþá það undur, sem virðist þverbrjóta

á móti þekkingu okkar á hreyfingarlögum hlutanna, að skálin breytir um stefnu í einu vetfangi og sendist þráðbeint framhjá okkur og á ofninn í stofunni og brotnar í mola á ofanverðum ofnhólkinum. Í skálinni var vatn, og skettist það útum allt gólf, og kom nokkur gusa á skóna mína og buxnaskálmarnar. Í því hlaupum við allir útúr stofunni. Þegar Indriði er að skjótast útum dyrnar, segist hann sjá Jón inní svefnerberginu og sé hann að taka vatnskönnu á þvottabörðinu og ætli að kasta henni á eftir Þórði Oddgeirssyni, en hann varð síðastur útúr stofunni og lokaði dyrunum á eftir okkur. En þegar komið var inní herbergið næsta morgun, lá vatnskanna Þórðar mölbrotin á gólfinu.

Þegar við erum komnir framí forstofuna, setur Þórður lampann þar niðurá gólfið og slekkur ljósið. Að því búnu förum við útúr húsinu og læsum úti-dyrahurðinni. Þá var klukkan hálf-þrjú.

Ekki skutu þessar hamfarir okkur Þórði neitt skelk í bringu. Við vorum þá orðnir svo mörgu vanir af slíku tagi, enda var ég alltaf rólegur á tilraunafundunum. En við vorum spenntir að horfa á aðfarir þessara ósýnilegu aflu, og mér var dálítið gramt í geði útaf því, að

við skyldum ekki fá að hvílast þarna í friði um nóttina.

Við gengum norður Þingholtsstræti, niður Bankastræti, vestur Austurstræti og norður Aðalstræti og þaðan út Vesturgötu og upp Stýrimannastíg. Við leiddum Indriða alla leiðina á milli okkar. Hann var svo óttasleginn, að hann þorði ekki, að við slepptum af honum hendi nokkra stund. Hann var alltaf öðru-hvoru að líta aftur og sagðist sjá Jón og félag hans koma á eftir okkur. Þegar við vorum komnir vesturá-mótsvið bryggjuhús Duus, lítur Indriði afturfyrir sig og segir, að Jón sé að taka upp stein eða hnaus og kasti í okkur, en lækjurinn og Sigmundur hefðu breytt stefnu þess, sem hann kastaði.

Við komumst heilu og höldnu heim til Einars H. Kvarans og börðum þar upp, því að fólk var allt í fasta svefni. Matthildur, dóttir Einars, kom til dyra og fór með okkur inní stofu á neðri hæð hússins. Þar munum við öll hafa setið framundir klukku tíma. Nokkrar smávegis hræringar urðu í stofunni, meðan við sátum þar. Smáhlutir hentust til dæmis niður af veggjunum, og borð fór á lítilsháttar hreyfingu. En þetta var allt miklu atkvæðaminna en í Tilraunahús-

inu. Skildist okkur, að þar væru skilyrði betri til að koma af stað öflugum hræringum heldur en annarsstaðar. Þeir, sem kváðust vera hinumegin, sögðu okkur, að þeir hefðu komið fyrir í Tilraunahúsinu „kraftböndum“ eða „kraftbeltum“, er þeir kölluðu svo,¹⁾ og að hver sem væri í þeirra heimi, gæti notfært sér þessar orkuleiðslur einsog hann vildi.

Þegar allt var komið nokkurnveginn í kyrrð í stofunni heimahjá Einari, lagðist Indriði þar fyrir á sóffa, en við Þórður héldum heim.

Þannig leið aðfaranótt hins 11. desember 1907.

1) Það er kannski athyglisvert, að ýmislegu í málfari framliðinna svípar mjög til talsmáta þeirra, sem lengi hafa dvalizt fjærri ættjörð sinni og orðið hafa viðskila við hina lifandi sköpun móðurmálsins.

VI.

Eftir þessa atburði var ekki árátt að halda tilraunafundi fyrir en að kvöldi hins 16. desember. Ég ætla ekki að skýra hér frá því, sem fyrir kom á þessum fundi, nema að Jón gerði þar mjög áþreifanlega vart við sig. En ég ætla að segja frá atburði, sem gerðist næsta kvöld, að kvöldi hins 17. desember, heimahjá Einari H. Kvaran.

Indriði hafði beðið um að fá að sofa þessa nótt heima hjá Einari, því að honum hraus hugur við að láta fyrir berast uppií Sambandshúsi um nætursakir, eftirað afturganga Jóns tók að færast í aukana. Svaf hann í herbergi uppiá lofti, vestanmegin í suðurenda hússins, minnir mig.

Þegar Indriði háttaði um kvöldið, bar svo við, að Einar H. Kvaran var staddur inni hjá honum ásamt konu sinni og syni þeirra, Einari E. Kvaran. Þar var og inni Guðmundur Kamban og Hinrik Erlends-

son læknanemi, en hann var talinn að vera skyggn. Litlu síðar kom ég þangað og Þorkell bróðir minn.

Indriði sagðist finna, að einhver ósýnileg vera væri komin inn til sín. Þá var ljósið slökkt. Í því kvaðst hann sjá mann með grímu. Honum kom strax til hugar, að þetta væri Jón, en gat samt ekki greint það með neinni vissu. Þá var gluggatjaldið dregið fyrir. Þá sér Hinrik Erlendsson mann standa hjá miðlinum, en sér hann þó ógreinilega. Miðillinn virtist móka og tautaði:

„Farðu burtu, Jón!“

Þá fór að korra í miðlinum. Þá var kveikt á lampanum, og var nú auðséð, að miðillinn var í transi. Korrljóðið fór vaxandi, og miðillinn sparkaði til fótonum. Eftir litla stund segir rödd af vörum miðilsins:

„Slökkvið þið ljósið!“

Við héldum, að það væri Jón, sem talaði, og slökktum ekki. Þá er aftur skipað að slökkva ljósið, og nú þekkjum við, að það er rödd stjórnandans, Konráðs Gíslasonar, sem talar. Þá var ljósið slökkt. Þarnæst segir stjórnandinn, að nú hafi þeir átt í harðri baráttu, því að Jón hafi náð haldi á miðlinum og hafi ætlað

að fara að tala í gegnum hann, en hann kvaðst hafa getað komið í veg fyrir það. Hann segir, að þetta hafi verið mikil áreynsla fyrir miðilinn, því að þeir hafi báðir ráðizt að honum í einu. Hann kvað Jón nú hafa mikinn kraft. Þá segir hann, að norski læknirinn sé uppií Tilraunahúsi að útbúa efni til að sefa Jón. Hann kvaðst verða að fara til að hjálpa honum. Sér þætti það leitt, en Sigmundur myndi taka stjórnina á meðan.

Nú heyrir sama korrhljóðið aftur frá miðlinum, og er auðséð, að hann er hræddur. Hann sparkar kringum sig, og þá er talað gegnum hann með heljar-röddu, sem við heyrum að er rödd Jóns:

„Farið þið bölvæðir!“

Kvaran svarar, að hann megi skammast sín að hafa slíkt orðbragð.

Þá segir Jón: „Það er ykkur mátulegt fyrir allar bölbænirnar ykkar.“

Kvaran: „Við höfum engar bölbænir haft við þig. Við höfum beðið fyrir þér og óskað þér góðs.“

Jón: „Jæja, greyin. . . . Nú á að hella eitri yfir mig fyrir að ég er hér.“

Kvaran: „Hversvegna ertu að þessu?“

Jón: „Aðeins til að skemmta mér. Til að gera illt.“

Kvaran: „Hefurðu skemmtun af því?“

Jón: „Já, það hef ég.“

Kvaran sagði, að hann gæti notið miklu betri skemmtunar með öðru móti, ef hann vildi bæta ráð sitt.

Þá svarar Jón: „Ætlar þú að fara að halda iðrunar-prédikun fyrir mér?“

Kvaran: „Já, ég vil tala við þig eins og vinur og bróðir.“ Hann sagðist halda, að hann væri ekki eins vondur og hann hugsaði, hver maður gæti séð að sér og rétt sig við, ef hann vildi, hann líka.

Jón: „Nei, ég er stöðugt að sökkva dýpra og dýpra.“ Hann kvaðst vera í neðsta víti og ganga á glóandi brennisteini, og þeir væru alltaf á eftir sér þarna úr efri byggðum.

Kvaran: „Enganveginn. Þú ert að gera þig miklu verri en þú í raun og veru ert.“

Þá segir Hinrik Erlendsson: „Það er kominn tími til fyrir þig að bæta ráð þitt, Jón!“

Jón: „Haltu þér saman!“

Hinrik: „Haltu þér sjálfur saman!“

Jón: „Haltu þér saman, fanturinn þinn!“

Þá sagði einhver fundarmanna, að það væri ekki rétt að fara óvingjarnlega að Jóni. Jón tautar einhver blótsyrði og stynur. Þvínæst tekur hann að formæla miðlinum og segir: „Þetta er vel æft verkfæri“, sem sér þætti gaman að nota eftir vild sinni. En framar öllu myndi sér hafa þótt gaman að drepa hann og gera allt, sem hann gæti, til ills — þeim, sem væru „í hinum svonefnda uppheimi“. Nú séu þeir á leiðinni með eitrið til að hella yfir sig. Kvaran og kona hans héldu nú áfram að leggja að honum að bæta ráð sitt. Virtist hann stillast nokkuð við það. Eftir stundarkorn segir hann:

„Nú eru þeir nærri komnir, og þá verð ég að fara. En það er eitt, sem ég vildi þó fyrst segja ykkur: Ég held, að eftir allt ætli ég að hætta að stríða ykkur, greyin.“

Fundarmenn: „Það er gott. Við erum þér mjög þakklát fyrir það.“

Jón: „Já, ég held víst ég verði að hætta.“

Eftir fáar mínútur hrópar hann:

„Nú, þarna koma þeir, bannsettir ræflarnir.“ Svo varð lítil þögn. Þá segir hann:

„Nei, nei! Ég fer ekkert,“ og bætir við, að hann

skuli vera hér eins lengi og hann geti. En áður en minnst varir segir hann aftur:

„Verið þið sæl, og kæra þökk fyrir góðv . . .“

Lengra komst hann ekki. Þá heyrðist einsog suð- eða hviss-hljóð fyrir utan miðilinn. Hann sparkar kringum sig litla stund og dregur þungt andann. Í sama bili tala þeir gegnum hann, fyrst „norski læknirinn“ og síðan aðalstjórnandinn, og eitt andartak heyrðust raddir beggja koma gegnum hann samtímis. Þá spurði Kvaran, á dönsku að mig minnir:

„Nú, eruð þið þarna báðir?“

Því var ekki svarað, en Konráð tók samstundis við stjórninni og bauð gott kvöld. Þá spyr Kvaran, hvort þeir hafi hald á miðlinum báðir í einu, og játa þeir því. Þeir segja, að þeir hafi hellt einhverjum efnum á enni miðilsins. Þessi efni hafi farið inní höfuð hans og gert að engu kraftinn, sem Jón hafi notað. Þeir biðja fundarmenn að þreifa á enni miðilsins. Það var gert og fundum við, að ennið var vott einsog af olíu. Aðalstjórnandinn sagði, að sér og lækninum væri nú ekki framfar svo ákaflega annt um að koma í veg fyrir, að Jón kæmist í samband, því að læknirinn væri alls-endis öruggur um að geta bægt honum frá. Hann

hefði ráð á mjög sterku efni til þeirra þarfa, þegar nauðsyn krefði. Ennfremur skýrði hann svo frá, að þeir hefðu nú sett sérstaka nefnd, sem hefði Jón til meðferðar, og sagði hann okkur, hverjir þessir nefndarmenn væru.

VII.

Uppúr þessu fórum við að heyra Jón tala á fundum fyrir utan miðilinn. Einnig olli hann þar ýmsum hræringum, snart fundarmenn t. d. með kaldri hendi, kippti upp tröppunum að ræðustólnum, sem þó voru negldar í vegginn, tók vatnskönnu, sem stóð á hillu yfir stólnum og hellti úr henni yfir einn fundarmann og í vasa hans og þar frameftir götunum. Þessir reimleikar gerðust rammastir laugardagskvöldið 4. janúar 1908. Það kvöld var staddur á tilraunafundi í stóra salnum stúdent nokkur, sem var skyggn. Þá var ýmsum hlutum kastað um salinn, og sá stúdentinn, að það var Jón, sem þar var að verki. Á meðan haldið var um báðar hendur miðilsins og hafðar á honum nákvæmar gætur, var stóllinn, sem hann sat á, mölbrotinn og sumum brotunum kastað í austurvegginn í salnum, en önnur lentu í hengilampa, sem hékk nálægt miðjum sal. Slitu þau í sundur eina festina í lampanum og lampahjálmurinn, glasið og olíubel-

inn féllu brotin niður í höfuðið á Birni Jónssyni, svo að blæddi úr, en olía rann niðureftir bakinu á honum. Stóð Björn þá upp og fór útúr salnum og nokkrir fundarmenn með honum.

VIII.

Þetta sama kvöld eftir fund brugðum við okkur fjórir inná Hótel Ísland, Indriði miðill, Jón Fjeldsted klæðskeri, Þorkell bróðir minn og ég. Tókum við okkur sæti í norðvesturhorni veitingasalsins, þar sem nú er leikið á hljóðfærin. Við ætluðum að rabba þarna saman í ró og næði og báðum veitingaþjóninn um kaffi. En þegar við erum að byrja að drekka kaffið, tekur borðið, sem við sátum við, að hreyfast. Sáum við strax, hvað nú var í efni, og þótti helzttil nærgöngult að fá ekki að vera í friði með að sötra úr bollunum. Við reyndum að halda borðinu niðri með því að styðja við það. En við fengum ekki hamið það, hvernig sem við leituðum eftir. Bollarnir sýndust þá og þegar mundu velta um koll. Við sáum því ekki annað ráð vænna en að flýja útúr salnum, áður en við lukum við að drekka úr bollunum. Gengum við framí salinn, sem nú er borðsalur, og þaðan úti port við suðurhlið hótelsins, útað Vallarstræti. Þar hinkr-

uðum við litla stund og vorum að tala um það, hvað þessi náungi hefði viljað okkur, hversvegna hann hefði ekki lofað okkur að vera í friði, meðan við drukkum úr bollunum, hvað við ættum að gera af okkur og þar framestir götunum.

Við stóðum allir í hnappi utanvið glugga öðrumegin dyranna, og stóð ég næstum fasthá Indriða og sneri baki að dyrum hússins. Útí portið lagði nokkra birtu frá hótélgluggunum, svo að við sáum þar allt greinilega. En þá gerast þau undur í einu andartaki, að Indriði er horfinn hljóðlaust úr hópnum. Við horfðum hver á annan höggdofa. Hvað gat orðið af félaganum okkar? Hvað hafði komið fyrir? Það var gesamlega óhugsandi, að hann gæti horfið burt frá okkur með eðlilegum hætti, án þess að við yrðum varir við. Kringum portið var seilingarhár skíðgarður á þrjá vegu, en hótélveggurinn á eina hlið. Dyrnar á portinu voru læstar aðrar en hóteldyrnar, sem við gengum um útí portið, en innum þær gat Indriði ekki farið svo, að við veittum því ekki eftirtekt. Indriði hvarf okkur ekki um neinar dyr. Hann varð bláttáfram að engu fyrir augunum á okkur í portinu.

Þessi fádæmi skutu okkur skelk í bringu, einsog

geta má nærri. Varð það fangaráð okkar að fara heim til Einars H. Kvarans og skýra honum frá því, sem fyrir hafði komið. En þegar þangað kemur, er okkur sagt, að Indriði hafi nýlega komið í transi inní skrifstofuna til Einars, og eftir því sem næst varð farið með samanburði á tímanum, þá hafði hann komið þangað á sömu mínútu og hann varð að engu fyrir augunum á okkur í portinu. En Indriða sagðist svo frá, að hann hefði enga hugmynd haft um sjálfan sig frá því augnabliki, er hann stóð hjá okkur niðrií porti, og þar til hann vaknaði uppúr transinum heima hjá Einari H. Kvaran.

Þegar Indriði var seztur niður í transinum í skrifstofunni hjá Einari, hóf stjórnandinn að tala af vörum hans. Minnir mig hann segði, að þeir hefðu gripið til þessa úrræðis af þeirri ástæðu, að þeir hefðu ekki haft nein önnur ráð með að koma boðum heim til Einars. Ef ég man rétt, voru boðin um fund, sem þeir hinumegin vildu halda næsta kvöld eða um breytingu á fundartíma, er ákveðinn hafði verið. Konráð minnir mig að segði okkur síðar, að Sigmundur hefði annast flutninginn á Indriða neðanúr portinu og heimað húsi Einars.

Þetta er eina frásögn Brynjólfs, þeirra er ég hef ritað eftir honum, sem ekki ber í öllum meginatriðum samanvið aðrar heimildir. Hinsvegar vildum við báðir, að í þessari bók yrði allt eins rétt hermt og næst verður komizt. Þessvegna teljum við sjálfsagt að skjóta hér aftan við vitnisburðum annara heimilda.

Porkell bróðir Brynjólfs, sem var einn af hinum fjórum, er fóru saman inná Hótel Ísland þetta kvöld, segir svo frá:

Ég man ekki til, að hreyfingin á borðinu, sem við sátum við, yrði svo mikil, að við þyrftum að flýja burt frá því. Þarómóti minnst ég þess, að Indriði gerðist þögull og einkennilegur, meðan við sátum að kaffidrykkjunni, og stóð skyndilega upp frá borðinu og hvarf úti vestri salinn. Þegar okkur tók að lengja eftir honum, risum við úr sætum okkar og gengum úti vestri sal og þaðan framí ganginn, sem liggur útáð vestri dyrum hótelsins, dyrunum, sem snúa útáð Austurstræti. Þar höfum við sjálfsagt spurt einhvern hótelpjónanna eftir honum, því að ég man ennþá glöggt, að okkur var svarað þessum orðum: „Hann hefur ekki getað farið útum þessar dyr, því að það er búið að loka fyrir góðri stundu.“ Hvað gat þá hafa

orðið af Indriða? Útum dyrnar á eystri salnum, þar sem við sátum, hafði hann ekki farið. Um aðrar dyr var ekki að ræða nema dyrnar úti portið. Hafði hann farið þá leið útúr hótelinu? Þá gekk einhver okkar úti portið, en dyrnar á portinu voru harðlæstar og höfðu lengi verið, því að þeim var alltaf læst snemma á kvöldin.

Að svo mæltu héldum við útúr hótelinu og gengum norður Aðalstræti og niður á Duusbryggju og ræddum saman um hvarf Indriða og hvað við ættum að gera. Að lokum stakk einhver okkar uppá því, að við skryppum heim til Einars H. Kvarans. Varð það úr, að þeir Brynjólfur og Jón Fjeldsted fóru þangað, en ég hélt heim í háttinn.

Daginn eftir heyrði ég, að Indriði hefði komið í transi heim til Einars og að Sigmundur og „norski læknirinn“ hefðu talað gegnum hann undireinsög hann hefði komið þar inni forstofuna. Einnig var mér skýrt svo frá eftir sögusögn þeirra hinumegin, að Indriði hefði gengið úti hótelportið og verið hafinn uppúr portinu og fluttur heim til Einars. Eitt-hvað heyrði ég líka um það talað, að hann hefði

komið heim til Einars svo að segja í sömu andrá og hann gekk útúr salnum.

Þannig segir Þorkell Þorláksson þessa sögu. Það, sem frásögnum þeirra bræðra ber helst á milli, er það, hvort þeir hafi gengið með Indriða úti portið eða hann hafi farið þangað einsamall.

Prófessor Haraldur Níelsson hefur einnig skýrt frá þessum atburði í fyrirlestri, sem hann flutti á allsherjarþingi sálarrannsóknamanna í Varsjá sumarið 1923. Er frásögn hans reist á gerðabók tilraunafélagsins og verður því að teljast öruggasti vitnisburður um þessa atburði. Prófessor Haraldur segir svo frá:

„Eftir þennan fund (4. janúar) fór miðillinn með nokkrum vinum sínum inni veitingahús að fá sér kaffi. Meðan þeir voru þar inni, gekk miðillinn úti garðinn, og undruðust þeir, er hann kom ekki aftur. Þeir leitudu að honum, en fundu hann ekki. Hérumbil kl. 11 1/2 um kvöldið kom miðillinn í miðilsástandi heim til Kvarans og fór rակleidis uppá loft. Við stigann ávarpaði „norski læknirinn“ Kvaran og sagði, að hann þyrfti að tala við hann. Miðillinn fer inni dimmt herbergi og sezt á stól. Fundinum var haldið áfram þarna, og voru fundarmenn fjölskylda Kvarans og

herra Guðmundur Kamban. Aðalstjórnandinn talar nú og segir, að Jón sé þar og honum sé mjög umhugað um að biðja þá afsökunar og fá fyrirgefningu. Einkum þyki honum leitt, hvernig til tókst áður að kvöldinu með Björn Jónsson.“

Síðan talar Jón all-langt mál gegnum miðilinn. Hefur hann nú iðrazt misgerða sinna og biður fyrirgefningar. Segist vera kominn undir handleiðslu Hallgríms Péturssonar og lofar bót og betrun. Kveðst ekki muni koma á tilraunafundi aftur fyrr en hann geti bætt fyrir óskunda þann, sem hann hafi valdið, og biður fundarmenn að biðja fyrir sér. Síðan lýkur Haraldur frásögninni á þessa leið:

„Aðalstjórnandinn og þrír aðstoðarstjórnendur tala gegnum miðilinn hver eftir annan og votta gleði sína útaf þeim umskiptum, sem orðin séu. Þeir skýra svo frá, að miðillinn hafi verið tekinn í miðilsástand í veitingahússgarðinum, og einnig, að Hallgrímur Pétursson sé farinn með Jón til að gæta hans.

Miðillinn vaknar þá og undrast, þegar hann sér, hvar hann er. Hann hafði komið hattlaus og frakkaless.“

Sagan um flutninginn á miðlinum er lítiðeitt ná-

kvæmari í gerðabókinni. Þar lýsir Konráð flutningnum. Hann segir, að þeir hafi tekið Indriða uppúr portinu, sem hefði verið lokað, og borið hann „flat-an“ í loftinu og tekið hann niður á götuna „hinumegin“ við hús, sem í gerðabókinni er kallað „hús Magnúsar snikkara“.¹⁾ Jón Einarsson hafi staðið fyrir flutningnum, en Konráð, Danielsen og Sigmundur hafi hjálpað til. Konráð bætir því við, að Jón sé afarsterkur. Hann hafi að nokkru leyti náð í sinn fyrri líkama. Hann sé eiginlega „materialiser-aður“, „fastholda“, en ekki sýnilegur nema skyggnum mönnum.

Frásögn prófessors Haralds Níelssonar og skýrsla gerðabókarinnar virðast taka af öll tvímæli um það,

1) Ég hef ekki getað grafið fyrir með neinni vissu, hvar þetta „hús Magnúsar snikkara“ hefur verið. Sigurður Halldórsson húsasmíðameistari, sem er manna fróðastur um slík efni, kannast ekki við neitt hús á þeim tímum í vesturbænum með því einkenni nema húsið nr. 7 í Grjótagötu. En ef það er þetta hús, sem átt er við í gerðabókinni, þá fæ ég ekki skilið staðar-ákvörðunina „á götunni hinumegin við“, því að í stefnu frá Hótel Ísland er „hinumegin við“ húsið nr. 7 í Grjótagötu ekki gata heldur garðurinn sunnan- eða vestan-megin við það. Nema átt sé við á götunni ofanvið húsið.

að Indriði hafi farið einn úti portið. Hinsvegar stendur það óhaggað í frásögn Brynjólfs, að hann hafi verið fluttur í loftinu. En fundurinn heima hjá Einari H. Kvaran þetta kvöld sýnir, að flutningurinn hefur átt sér stað í því skyni að veita Jóni tafarlaust tækifæri til að sættast við þá, sem hann hafði misgert við.

Eftir þetta urðum við ekki Jóns varir fyrren mánudagskvöldið 17. febrúar. Þá lét hann til sín heyra á innra fundi og mælti þá fyrir utan miðilinn. Uppúr því tók hann að fjölga komum sínum á fundina. Hann var orðinn breyttur maður og gerðist nú hjálpvættur stjórnandanna og máttmikill verndari miðilsins. Lét honum sérstaklega vel að hreyfa til hluti hérnamegin. Hann talaði til dæmis gegnum lúður, sveiflaði lúðrinum hátt og lágt í loftinu, lét spila dós, sítar, fiðlu og fiðluboga svífa um fundarsalinn, færði til hluti á gólfinu, til dæmis stórt borð, o. fl. o. fl. Oft talaði hann við okkur fyrir utan miðilinn einsog maður við mann.

IX.

Ég hafði það verk á hendi að spila undir á tilraunafundum, þegar sungid var. Hljóðfærid, sem ég spilaði á, var nokkuð stórt orgel. Eitt sinn sem oftast sat ég við orgelid, eftirad ég var hættur að spila. Segi ég þá við Jón úr Vestmannaeyjum:

„Það er nú ekki meira en mannsverk af þér, Jón! að taka mig upp.“

Ég er ekki fyrr búinn að sleppa síðasta orðinu en ég finn, að það er einsog eitthvað leggist utanað mér öllum, en hvergi tekið á einum hluta líkama míns fremur en öðrum, og í sama andartaki dunka ég niður á fjóra fætur á gólfid bakvið orgelid. Þetta gerðist með þvílíkum eldingarflýti, að ég hafði engan tíma til að átta mig á leiðinni. Ég hafði enga minnstu hugmynd um neitt fyrr en ég skall niðura gólfid. Mér var gersamlega hulið, hvort mér var kastað yfir orgelid, skutlað frammeð því eða skotrað gegnum það. Ég

vissi hvorki í þennan heim né annan fyrir en ég hlunkaðist nokkuð harkalega niðurá gólfið.

Þetta var í myrkri. En fundarmenn heyrðu þegar ég hlammaðist niður bakvið orgelið, og um leið heyrðist Jón segja:

„Það var sjálfum þér að kenna, að ég missti þig. Þú varðst hræddur.“ Í þessum svifum var kveikt ljós í fundarsalnum, og var ég þá að bograst á fatur fyrir aftan orgelið.

Ég var skrambi máttdreginn það sem eftir var dagsins og framanaf næsta degi. Milli klukkan tvö og þrjú eftir hádegi rölti ég heimí húsið, þar sem Indriði var í fæði. Það var í húsi Helga Helgasonar í Þingholtsstræti. Ég átti ekkert sérstakt erindi við Indriða, ætlaði rétt að heilsa upp á hann mér til afþreyingar, því að ég var ennþá linur og sjálfum mér ónógur. Beið ég hans í borðstofunni, meðan hann lauk við máltíðina. Stóð ég um stund útivið einn vegginn í stofunni og virti fyrir mér mynd, sem hékk á veggnum. Þá finn ég allt í einu um mig fara einkennilega strauma, og á sama augnabliki verð ég alhress. Rétt í því segir Indriði hlajandi, án þess að ég viki einu orði að líðan minni:

„Nú stendur Jón fyrir aftan þig og er að skila þér kraftinum, sem hann tók af þér í gærkvöldi.“

X.

Það bar til á öðrum fundi snemma, meðan ég var að spila, að ég finn, að orgelið, sem ég sat við, er dregið úr höndum mér. Ég hef orð á þessu við fundarmenn og segi:

„Þetta dugir ekki. Ég get ekki spilað. Það er verið að taka af mér orgelið.“ Í því stend ég upp og spyрни vinstra fæti í gólfið, en hægra fætinum í aðra fótafjölinu á orgelinu og fylgi því þannig eftir, hoppandi eftir gólfinu. Um leið er ég að segja fundarmönnum frá því, sem er að gerast, þangaðtil orgelið er þrifið af mér. Þá kalla ég til fundarheims:

„Nú er búið að taka orgelið alveg af mér.“

Í sömu svipan er brugðið upp ljósi. Þá stendur orgelið uppiá borði í austanverðum salnum. Borðið var all-stórt og sterklegt, alltað mjaðmarhátt og fæt-urnir undir því á litlum hjólum, að því er mig minnir. En af svo miklu afli og yfirburðum var orgelinu lyft uppá borðið, að ekki heyrðist neitt minnsta hljóð,

þegar það kom niður á borðplötuna. Það var auðvitað með öllu óhugsandi, að nokkur mennskur kraftur hérnamegin hefði getað lyft því svona þegjandi og hljóðalaust. Það þurfti tvo karlmenn til að koma því aftur niðurá gólfið. Þeir áttu meira að segja fullt í fangi með að roga því niður, og það gekk ekki hljóðlaust.¹⁾

1) Kristján Linnét kveðst hafa verið á þessum fundi og hafa setið við endann á orgelinu, þegar þetta átak átti sér stað. Hann segist hafa gízkað á, að orgelið vægi 150 pund.

XI.

Eitt sinn að kvöldi dags skruppum við Indriði inní skrifstofuna til Björns Jónssonar ritstjóra í Austurstræti 8. Björn bauð okkur sæti, og settumst við með nokkru millibili útvið austurvegg skrifstofunnar og Indriði nær suðurveggnum. Ljós brann í skrifstofunni. Björn dró nú út skúffu úr skrifborði sínu, tók úr henni tvö epli og rétti sitt hvorum okkar. En þegar ég er að byrja að éta mitt epli, veit ég ekki fyrri til en það þeytist úr höndum mér, sendist yfir endilanga skrifstofuna og klessist á vesturveggnum á móti mér, svo að blaut skeina varð eftir á þilinu, en klessan datt niðurá gólf. Fylgdi smellur, þegar eplið skall á vegginn. Þá segir Björn:

„Já-já! Það er þá svona.“

Rétt á eftir tókst upp stóll, sem stóð á skrifstofugólfinu, og hófst alla leið upp að lofti, og var þó

all-hátt undir loft, dettur síðan niðurá gólf, og brotnar undan honum einn fóturinn. Þá segi ég við Indriða:

„Nú skulum við hypja okkur út, svo að ekki hljótið verri af.“

Að því mæltu flýttum við okkur útúr stofunni.

Þessar glettur voru kenndar Jóni úr Vestmannaeyjum.

XII.

Fyrir tveimur árum var ég eitt sinn á fundi hjá Láru Ágústsdóttur í Bjarnaborg ásamt dætrum mínum þremur og manni einnar þeirrar. Þar bar það til, að stjórnandi Láru segir, að hjá sér standi maður, sem langi til að heilsa uppá mig. Að svo mæltu ávarpar hann mig, að því er mér virtist fyrir utan miðilinn, og kannaðist ég undireins við að hafa heyrt þennan málróm áður. Síðan segir hann til nafns síns og kveðst vera Jón úr Vestmannaeyjum og bætir við:

„Nú er ég orðinn góður maður.“

„Þú varst nú orðinn það, áður en við skildum,“ svara ég. En hann kvaðst hafa tekið miklum framförum síðan.

Málrómur Jóns var mjög eftirminnilegur. Hann var dimmur, hrjúfur, sterkur og stuttur í spuna. Þannig var hann einnig á fundinum hjá Láru.

XIII.

Sigmundur sá, sem nefndur hefur verið hér að framan, var Guðmundsson og mun hafa orðið úti skömmu eftir síðustu aldamót. Hann var á yngri árum hjá Eggert Jónssyni, bónda á Kleifum í Gilsfirði, en bjó síðan á ýmsum stöðum á Vesturlandi, t. d. að Tjaldbrekku í Hítardal, Lambanesi í Saurbæjarhreppi í Dalasýslu, Skáldstöðum í Reykhólasveit og ef til vill að Goddastöðum í Laxárdal í Dalasýslu.

Sigmundur kom svo að segja á hvern tilraunafund, meðan ég var þar viðloðandi. Hann var snillingur í öllu, sem laut að því að hjálpa til á fundum. Hann var bráðskynsamur náungi, fjörugur, spauginn og skemmtilegur, einstaklega viðfeldinn og hafði mjög þægileg áhrif á okkur. Hann mun hafa fengizt við smíðar hér í lífi og kom með fjölda endurminningasannana frá smíðum sínum og öðrum efnum. Sigmundur var frábærlega skýr og sérstæður persónuleiki

bæði í hugsunarhætti, málrómi og málfari. Ég get líkt kynnum okkar af honum einna helst við þekkingu blinds manns á fólki, sem hann er með langdvölum. Svo var reyndar um fleiri persónuleika, sem komu að staðaldri fram á tilraunafundunum, bæði innlendra og annara þjóða. Það var mjög sannfærandi að umgangast þessi skýru persónueinkenni í öllu fari þeirra hvers um sig, þetta órofa samhengi persónuleikans, dag eftir dag og ár eftir ár.

Eitt kvöld snemma hausts vorum við Indriði úti á gangi okkur til skemmtunar og héldum af göngunni uppí Tilraunahúsið. Þegar við komum inní forstofuna, heyrum við rödd Sigmundar heilsa uppá okkur innanúr stóra fundarsalnum. Dyrnar að salnum voru þó lokaðar. Ég svara strax frammií forstofunni:

„Komdu sæll, Sigmundur! Það væri gaman að snakka svolítið við þig.“ Síðan opnuðum við dyrnar og gengum inní salinn. Úti var heiðskírt loft, tungl nálægt fyllingu og nokkuð hnigið til vesturs, svo að bjart var um allan salinn.

Ég segi við Indriða, þegar við komum innfyrr:

„Seztu þarna frammivið gluggann!“

Indriði gerir það, sezt útivið vegginn sunnanvið syðri gluggann. En ég sezt við þilið austanmegin dyranna að forstofunni. Í suðurenda salsins gegnt mér var ræðustóll með púlti ofaná. Þegar ég er settur, segi ég við Sigmund:

„Geturðu tekið af mér hattinn, Sigmundur! og látið hann þarna á ræðupúltið, þar sem ég get séð hann?“

Um leið og ég sleppi síðasta orðinu, er hatturinn þrifinn af höfðinu á mér, og í sama andartaki sé ég, hvar hann liggur á hvolfi á ræðupúltinu. Þá hló Sigmundur. Þetta var grábrúnn hattur linur. Hatturinn sást ekki sendast gegnum salinn, heldur var hann kominn yfir hann og á ræðupúltið í sömu andrá og hann hvarf af höfðinu á mér.

Nú segi ég við Sigmund:

„Geturðu sett hattinn á mig aftur?“

Það skipti engum togum. Hatturinn er á sama augnabliki kominn á höfuðið á mér. En ég var ekki ánægður með, hvernig hann sat og hef orð á því við Sigmund. Hann svaraði á þá leið, að það væri erfitt að setja svo höfuðfat á mann, að honum líkaði.

Þennan leik bað ég Sigmund að endurtaka einu-

sinni ennþá. Og það var einsog við manninn mælt. Hatturinn rýkur af höfðinu á mér yfir á ræðupúltið og af ræðupúltinu á höfuðið.

Indriði sat hreyfingarlaus útivið þilið sunnanvið syðri gluggann, meðan þetta gerðist.

XIV.

Norski læknirinn, sem hér hefur verið getið, mun hafa heitið fullu nafni Daniel Cornelius Danielsen. Hann var fæddur í Björgvin 4. júlí 1815 og andaðist þar 13. júlí 1894. Að læknanámi loknu 1838 tók hann að gefa sig að holdsveikirannsóknum og var meðal fremstu vísindamanna í þeirri grein. Hann varð yfirlæknir við holdsveikrasjúkrahús í Björgvin, en gaf sig jafnframt að fleiri viðfangsefnum, lagði til dæmis stund á náttúrufræði, var frumkvöðull að stofnun þjóðleikhúss og vísindafélags í fæðingarborg sinni o. s. frv.

Danielsen var einn af aðalkröftunum á tilraunafundunum. Lagði hann sig sérstaklega í líma með að framleiða ljós, sem gerði líkamningafyrirbærin sýnileg, eftir að ljósfyrirbrigðin dvínuðu í ársbyrjun 1907. Líkamningarnir voru oft snertanlegir, en sáust ekki nema með höppum og glöppum. En tilraunir Danielssens báru lítinn árangur. Líkamningafyrir-

bærin urðu eftir það sjaldan sýnileg óskyggnum mönnum öðruvísi en eitt og eitt í slitrum.

Danielsen hafði aldrei látið nafns síns getið. Og það var með dálítið einkennlegum hætti, að við komumst að, hver hann var. Einar H. Kvaran hefur sagt svo frá því atviki í bæklingi sínum *Dularfull fyrirbrigði* (bls. 36—37):

„Hann var ófáanlegur til að segja, hver hann væri. En þá vildi einu sinni svo til, að K. G.¹⁾ nefndi hann, óvart að því er virtist, við lækningatilraun í heimahúsum. Hann flýtti sér að fara að tala um annað, eins og hann væri að breiða yfir þessa vanga. Að eins einn þeirra, sem viðstaddir voru, tók eftir nafninu, og hann hafði ekki orð á, hvert nafnið væri. Nokkru síðar bar svo til, að einn sjúklingur lá á legubekk í tilraunasal okkar og beið lækningatilaunar. Legubekkurinn er rétt fyrir framan byrgið. Miðillinn var frammi í salnum í millibilsástandi. Þá segir sjúklingurinn: „Nú veit ég, hvað norski lækningurinn heitir. Ég heyrði kallað á hann innan úr byrginu“ (sem var mannlaust). Við báðum sjúklinginn að nefna ekki nafnið. Sá, sem áður hafði heyrt það,

1) P. e. Konráð Gíslason.

gaf sig þá fram, og þeir tveir báru sig saman. Báðir höfðu heyrt sama nafnið. Læknirinn kallaði þá annan þeirra inn í byrgið, og kannaðist við nafn sitt, en bað að leyna því. Jafnframt sagði hann til sannindamerkis nokkur atriði úr lífi sínu. Allt hefur það reynzt rétt. Ennfremur er þess að geta, að miðillinn kveðst margsinnis hafa séð lækninn í vöku, eins og ýmsa þá ósýnilegu gesti aðra, sem við höfum átt mest saman við að selda. Hann segist þekkja þá í sjón jafn-vel eins og þá jarðnesku menn, sem hann er samvistum við daglega. Af þeim manni, sem sagður er vera okkar „norski læknir“, er ekki til nema ein mynd hér í bæ, svo mér sé kunnugt. Engin minnstu líkindi eru til þess, að miðillinn hafi nokkuru sinni séð þá mynd, þangað til hún var látin bera fyrir augu hans hér um daginn, án þess að honum væri sagt, í hverju skyni það væri gert. Honum varð tafarlaust að orði: „Þarna er mynd af norska lækninum!“ Engin líkindi eru heldur til þess, að hann hafi haft neina vitneskju um neinn norskan lækni, enda þverneitar hann því.“

Brynjólfur Þorláksson segir, að þetta hafi gerzt í skrifstofu Björns Jónssonar. Björn hefði verið að

blaða í bók, þegar Indriði kom af tilviljun inní skrifstofuna. Í bókinni hefði verið mynd af Daníelsen. Undireins og myndina hefði borið fyrir augu Indriða, hefði hann sagt:

„Þetta er norski læknirinn.“¹⁾

1) Frú Kvaran segir, að þau hefðu alltaf haft það á tilfinningunni, að þau væru í návist mikils persónuleika, þegar norski læknirinn hefði verið á fundunum.

XV.

Á þessum árum hafði ég þann starfa að leika á dómkirkjuorgelið við guðsþjónustur í kirkjunni. Einn sunnudagsmorgun á hausti bar það til, að mér voru horfnir tveir alklæðnaðir, kjólföt og diplómatföt, þegar ég ætlaði að fara að búa mig í kirkjuna. Fötin höfðu verið geymd í skáp, en voru nú burt þaðan og fundust hvergi. Það var ekki um að villast, að þeim hafði verið stolið.

Ég brá mér tafarlaust niðurí Tilraunahús til Indriða miðils. Hann var ekki kominn á fætur. Ég segi honum frá fatahvarfinu og bið hann að spyrja þá hinumegin, hvort þeir geti nokkuð greitt úr vandræðum mínum, og hafði ég þar Sigmund sérstaklega í huga. Ég staldraði nokkra stund við hjá Indriða, og á meðan átti hann tal við einhverja kunningja sína hinumegin. Hann sagði, að þeir væru ekki ginnkeyptir fyrir að fást við svona efni, og kvaðst ekki hafa fengið annað svar en ég skyldi bíða og sjá, hverju fram yndi.

Á sunnudagskvöldið kom ég heim í myrkri. Þegar ég kem að stiganum, sem lá uppá loftið að íbúð minni, sé ég, hvar fötin liggja þar í þriðju tröppu að neðan, samanvafin í einn göndul og báðum vestunum troðið inní eina buxnaskálmina.

Kvöldið eftir var haldinn tilraunafundur. Þá spyr ég stjórnandann, hvernig þessu hefði verið bjargað við með fötin. Einhverjir fleiri lögðu þar orð í belg. Stjórnandinn svaraði, að Sigmundur hefði komið þessu í kring.

„Hvernig fórstu að því, Sigmundur?“ spyr ég.

Þessu svaraði rödd Sigmundar af vörum miðilsins. Kvaðst hann fljótlega hafa komiðt á snodir um, hver hefði tekið fötin. Hann hefði farið heim til mannsins og haft þau áhrif á hann, að hann hefði ekki haft nokkurn frið fyrir en hann var búinn að skila fötunum.

Þá spurði einhver fundarmanna, hver hefði tekið fötin.

Það sagði Sigmundur, að við fengjum ekki að vita. Þeir þeimmegin væru ekki lögregla til að ljósta upp afbrotum manna.

XVI.

Ein af þeim verum hinumegin, sem voru tíðir gestir á tilraunafundunum, var kvenmaður, sem okkur var sagt að hefði verið frönsk söngkona, þegar hún var hér í heimi. Hún vildi aldrei segja, hver hún væri, og við fengum ekkert annað um hana að vita en hún hefði verið frönsk söngkona. Hún söng oft á fundum, ýmist af vörum miðilsins eða fyrir utan hann. Hún söng alltaf á frönsku, en málfar hennar var óskýrt í söng. Hinsvegar var tungutak hennar furðu greinilegt í mæltu máli, og áttu ýmsir frönskumælandi menn í okkar hópi tal við hana, til dæmis Þorgrímur Guðmundsen. Hún hafði mjög fagra rödd, og söngur hennar var yndislegur. Því varð Jóni Aðils eitt sinn að orði, er hann heyrði hana syngja á fundi:

„Það er auðheyrt, að þetta er rúttíneruð sangerinna.“

Jón var sjálfur góður söngmaður, bar ágætt skyn á söng og hafði heyrt til æfðra söngvara í Danmörku.

Hún var mjög elskuleg í viðmóti, og fannst okkur á öllu fari hennar, að hún væri sérstaklega kvenleg og stæði á háu siðmenningarstigi.

Á þessum árum var hér með annan fótinn í bænum Þórarinn B. Guðmundsson, verzlunarmaður á Seyðisfirði. Ég þekkti hann nokkuð og vissi, að hann gat talað frönsku. Ég færði stundum í tal við hann fyrirbærin hjá Indriða. Hann var tregur til að trúá slíkum undrum, en vildi þó engu neita.

Svo leið og beið þartil að kvöldi 25. september 1907. Þá eftir sambandsfund skruppum við Indriði inná Hótel Ísland og fengum okkur þar kókó. Þórarinn B. Guðmundsson slóst í för með okkur. Á hótelinu hittum við Þorkel bróður minn, og settumst við allir við sama borð. Þaðan héldum við allir uppí Sambandshús og settumst inní fremra herbergi Indriða.¹⁾ Þar röbbuðum við saman dálitla stund, og

1) Þórarinn fullyrðir, að Halldór Jónasson kennari hafi verið með þeim. Halldór segir, að það hafi verið. En þetta muna þeir Brynjólfur og Þorkell ekki með neinni vissu. Gerðabókin, sem segir frá þessum atburði, getur ekki Halldórs, en nefnir hina fjóra.

ég spilaði nokkur lög á harmoníum. Þá stingur einhver okkar uppá því, að við förum inní sýningar-salinn og sjáum til, hvort nokkuð gerist. Þetta varð að samkomulagi. Við förum allir inní salinn og komum okkur þar fyrir á fremsta bekk. Röðuðum við okkur þannig á bekknum, að Indriði sat austast og næst honum ég, þá Þórarinn og Þorkell vestast. Ég sat fasthá Indriða og hélt um báðar hendur hans og krækti vinstra fæti um báða fætur honum.

Undireins og við höfðum komið okkur þannig fyrir á bekknum, heyrum við allir, að byrgistjöldin eru dregin til hliðar, en þau voru hengd upp á járnhringum, sem léku á stálteini, er festur var framaná byrgið ofarlega. Milli fremsta bekkjarins og byrgisins var á að gizka einn til hálfur annar faðmur. Ég fer þess á leit, að hreyfingin á tjöldunum sé endurtekin, og eru þau þá dregin til hvaðeftir annað, svo að við heyrum allir. Þá segist Indriði sjá norska lækniinn standa milli byrgistjaldanna. Skömmu síðar kveðst hann sjá frönsku söngkonuna standa milli byrgisins og múrstöpsulsins hjá ofninum.

Þá datt okkur í hug að biðja Þórarin að ávarpa hana á frönsku og fá hana til að gera eitthvað, sem

okkur væri ókunnugt um, því að enginn okkar hinna skildi neitt í frönsku. Síðan skyldi Indriði, sem var skyggn, segja okkur, hvernig hún svaraði.

Þórarinn gerir þetta, segir eitthvað á frönsku, sem við botnuðum vitanlega ekkert í. Þá segir Indriði:

„Nú hneigir hún sig.“

Því svarar Þórarinn:

„Það er rétt. Það var það, sem ég bað hana að gera.“

Þórarinn talar til hennar aftur, og Indriði svarar:

„Nú gengur hún áleiðis til okkar, en snýr nú snögglega við og gengur til norska læknisins í byrginu, einsog hann kalli á hana.“

Þórarinn svarar þessu:

„Þetta er ekki alveg eins og ég bað hana um, því að ég bað hana að ganga afturfyrir okkur.“ En rétt í sömu svífum segist Indriði sjá Sigmund fyrir aftan okkur.

Þessu næst heyrum við, að stóll eða borð er sett harkalega niðurá gólfið rétt fyrir framan dyrnar á stóra salnum eða hjá myrkurbyrginu, að því er virtist. Síðan er þessu mjakað í kippum hægt og hægt nær okkur, eftir hljóðinu að dæma. Þá sleppi ég

vinstri hendinni af Indriða og teygi hana fram og þreifa fyrir mér. Finn ég þá, hvar tréstóll stendur á gólfinu fyrir framan okkur. Við þennan stól eða neinn annan urðum við ekki varir, þegar við fórum inn í sýningarsalinn, og bárum við þó þangað með okkur ljós, sem við létum framí stóra salinn, áðuren við settumst. Í sýningarsalnum var auk þess aldrei hafður stóll, að stóli miðilsins undanteknum, því að þarna voru fastir bekknir stoppaðir. En stóll miðilsins var úr strái og var í þetta sinn inni í stóra salnum eftir fundinn, sem þar hafði verið haldinn um kvöldið.

Eftir þetta gengum við inni stóra salinn. Þar hafði logað ljósið, meðan við vorum inni í sýningarsalnum, og dyrnar milli salanna verið lokaðar.

Þórarinn, sem var slíkum undrum óvanur, var mjög efastjarn og bað okkur að koma aftur inni sýningarsalinn, því að sig langaði til að reyna, hvort ekki gerðist neitt fleira. Við fórum því aftur þangað inn og höfðum með okkur kertaljós og lýstum grandgæfilega um allan salinn, hvort við fyndum þar nokkurn hlut, sem þar ætti ekki að vera. Við fundum ekkert. Stólinn höfðum við farið með inni stóra sal-

inn. Í þessu segist Indriði sjá framliðinn mann, Ólaf að nafni, sem hann hafði séð ljósmynd af heima hjá Þórarni. Síðan kveðst hann sjá fjölda manns, þar á meðal Sigmund og Guðbrand frá Hvítadal.

Nú slökkvum við ljósið og setjumst á sama bekk og áður og í sömu röð, þó að því breyttu, að Þórarinn situr næst Indriða og heldur um hendur hans nákvæmlega einsog ég hafði gert í fyrra skiptið. Eftir dálitla stund kemur stórt bréfaflikki, að því er okkur virtist, og skellur á nösum Indriða og Þórarni. Þvínæst er húfan tekin af Þórarni og komið um leið við hattinn á höfði mér, svo að hann var nærri því dottinn. Þá kveikjum við ljós. Það var rétt, sem okkur hafði virzt. Hjá Indriða og Þórarni lá bréfaflikki, sem geymt hafði verið inní skáp í suðurenda stóra salsins. Var það af pappír þeim, sem hafður var til þess að láta miðilinn rita á í fundarbyrginu í transinum. Pappírinn hafði því verið fluttur úr skápnum um luktur dyr eða þéttan vegg inn til okkar í sýningarsalinn.¹⁾

1) Þess er ekki getið í gerðabókinni, og það man heldur enginn þeirra þriggja, hvort skápurinn var lokaður. P. P.

Indriði var vakandi, meðan allt þetta fór fram, en skalf mjög, meðan fyrirbærin voru að gerast. Annars þótti honum gaman að þessu, því að hann hafði aldrei séð slíkar hræringar áður.

Þórarinn segist vera sannfærður um, að þarna hefðu ekki verið nein brögð í tafla af Indriða hálfu né nokkurs annars, sem þarna var viðstaddur. Hann gisti hjá Indriða um nóttina, og ræddu þeir saman langt frameftir nóttu.

XVII.

Það bar eitt sinn til á innra fundi, að við heyrðum karlmannsrödd tala franska tungu fyrir utan miðilinn. Þennan málróm höfðum við aldrei heyrt áður. Það virtist greinilegt, að honum væri ekki beint til okkar, heldur til einhvers eða einhverra hinumegin. Samtímis heyrðum við fleiri raddir utanvið miðilinn, en þó nokkuð óskýrt. Þó fengum við greint í þessum raddahljómi málróm frönsku söngkonunnar og heyrðum hana reka upp neyðaróp alltíeinu. Þetta var allt einna líkast á að heyra, sem þarna hefði orðið harðvítug rimma eða uppþot. Engin heyrðum við orðaskil, nema að karlmannsrödd sagði einu sinni: „Madame Malibran.“

Þegar þessum látum linnti, spurðum við stjórnandann, hvað þarna hefði verið um að vera.

Við fengum það svar, að karlmaðurinn, sem hefði nefnt nafn kvenmannsins, hétí Malibran og hefði verið maður frönsku söngkonunnar. Hún hefði líka

verið á fundinum. Þau hefðu ekki fyrir sést, síðan þau fóru yfirum. Hann hefði nýlega komið á snodur um, hvar hennar væri að leita, og nú komið á fundinn í því skyni að fá hana til að slást í för með sér, en hún hefði verið ófánleg til að fara með honum. Útaf þessu hefði ósamkomulagið risið. Fleira var okkur ekki sagt.

Þó að skömm sé kannski frá að segja, hafði enginn okkar, sem á fundinum voru, nokkurt hugboð um, hver hún hefði verið þessi „madame Malibran“, og um mann hennar, Malibran, vissum við ekki heldur neitt. Daginn eftir fundinn fórum við nokkrir að leita að þessu nafni í alfræðiorðabók. Og viti menn! Þar finnum við í einhverri alfræðiorðabók, að í Ameríku hefði verið auðugur plantekrueigandi franskur, Malibran að nafni. Hann hefði giftst söngkonunni Maríu Felicita, af spænskum ættum, fædd í París 1808, dáið í Manchester 1836. Premur mánuðum eftiráð þau giftust, hefði hann orðið gjaldþrota, hún skilið við hann og haldið aftur heim til Evrópu.

Þannig komumst við að nafni þessarar frægu söngkonu, sem enginn okkar mundi til að hann hefði nokkurntíma heyrt getið um áður og Indriði vissi

áreiðanlega enga grein á. Franska söngkonan, sem oft hafði sungið hjá okkur á tilraunafundum og ýmsir fundarmenn höfðu skipt við orðum á frönsku, var því söngkonan Maria Malibran, fædd Felicita. Það var því ekki að furða, þó að Jóni sagnfræðingi fyndist hún vera „rútíneruð sangerinna“.

XVIII.

Einhverntíma eftirað við höfðum komizt að nafni frönsku söngkonunnar, var ég staddur heima hjá Indriða miðli, og vorum við tveir einir. Ég sat við orgelið og spilaði nokkur lög, og Indriði raulaði undir. En þegar hann þagði, heyrðum við frú Malibrán syngja lágt undir orgelspilið fyrir utan miðilinn, enda var hann ekki í transi.

Ég hafði þá heyrð talað um svonefnda „direkte-skrift“, það er, að ritfæri skrifa sjálfkrafa, án þess að nokkurri sýnilegri hendi sé haldið um það. Datt mér nú í hug að gera tilraun með skrift þessa. Ég tek upp vasabók mína, ríf úr henni blað, dreg blýant, sem var eyddur til hálfis, uppúr vasa mínum og fer með þetta inní svefnherbergi Indriða. Þar legg ég blaðið á borð, sem stóð undir glugganum, og læt blýantinn ofaná blaðið. Í svefnherberginu var ekkert ljós, en í fremra herberginu logaði á olíulampa, og voru opnar dyr milli herbergjanna.

Þegar ég hafði lagt blaðið og blýantinn á borðið, vík ég aftur úti fremra herbergið til Indriða. Hann sat þar alvakandi á stóli grafkyrr og steig ekki fæti sínum inni svefnherbergið. Borðið, sem blaðið og blýanturinn lágu á, sáum við ekki þaðan, sem við sátum í fremra herberginu. En við hlustuðum báðir gaumgæfilega, hvort við heyrðum nokkuð til blýantsins. Eftir svosem tvær mínútur heyrum við báðir greinilega hljóð innanúr svefnherberginu, einsog blýanturinn dytti niðurá borðið og einna líkast því, að hann kæmi fyrst niður á annan endann.

Þá bregð ég mér inni svefnherbergið og framað borðinu og gæti að blaðinu og blýantinum. Blýanturinn liggur þá ekki á blaðinu, einsog ég hafði skilið við hann, heldur utanvið það. Ég tek hvorttveggja og fer með úti fremra herbergið. Þegar ég ber blaðið að birtunni, sé ég, að á því stendur þessi einkennilega setning, rituð með blýanti og nokkuð stórri, en fallegri, hallalausri rithönd:

„*Singa sola mina vina*“.

Við þóttumst vissir, um, að þetta væri rithönd frönsku söngkonunnar, því að Indriði hafði beint þeirri

ósk til hennar í huganum, að hún skrifaði eitthvað á blaðið.

Nú reif ég annað blað úr vasabókinni, lagði það á borðið í svefnherberginu og blýantinn ofaná og settist síðan framí fremra herbergið. Indriði sat kyrr á sama stólnum. Við hlustuðum, og eftir litla stund heyrum við blýantinn detta á borðið einsog áður. Ég skrepp inní svefnherbergið og sæki blaðið og blýantinn. Á blaðið hafði skrifaft:

„*Edvard Grieg*“.

Ég hafði aldrei séð rithönd Griegs, og nú lék mér mikil forvitni á að komast eftir, hvort hún líktist nokkuð hendinni á blaðinu hjá mér. Einhverstaðar — ég man ekki hvar — tókst mér að grafa upp rithandarprentun á nafni hans. Það var nákvæmlega sama höndin og á blaðinu úr dagbók minni.

Á næsta innri fundi vorum við Einar H. Kvaran og Haraldur Níelsson að tala um það okkar á milli, sem skrifaft hafði á fyrra blaðið í svefnherbergi Indriða. Segir þá annarhvor þeirra, að ef frú Malibran hafi skrifað þetta á blaðið, líti út fyrir, að einhver Norðurlandamaður hafi hjálpað henni, úr því að það líkist svona Norðurlandamálunum. Þá er svarað fyrir

utan miðilinn, og þekktum við þar rödd Griegs, því að hann hafði oft komið á fundi til okkar áður:

„Det var mig.“

XIX.

Ég kynntist þessum persónuleika, sem sagðist vera Edvard Grieg, í fyrsta sinn, þegar ég sat hjá Indriða, meðan hann var að vakna úr transi. Indriði var æfinlega lengi að vakna. Var alltaf einhver fenginn til að vera hjá honum, þartil hann var kominn til sjálfs sín, því að fundarmenn tíndust strax í burtu, þegar fundur var úti. Kom það oft á mig að vera eftir hjá Indriða, og mátti ég aldrei kveikja ljós fyrir en hann var vaknaður.

Eitt sinn bar það við, þegar ég sat hjá Indriða í þessu ástandi, að rödd stjórnandans segir af vörum hans:

„Hér er kominn maður, sem þú munt hafa gaman af að kynnst.“

Samtímis hverfur rödd stjórnandans af vörum miðilsins, og gegnum hann talar ókunnur málrómur með norskum hreim:

„God aften! Jeg er Edvard Grieg.“

Ég svara, að það sé mér óvænt ánægja að fá að tala við Edvard Grieg. Spunnust þarna milli okkar nokkrar viðræður. Meðal annars barst þar í tal norska tónskáldið Nordræk, sá er orti lagið við þjóðsöng Norðmanna.

„Hann var nokkuð ungur, þegar hann dó,“ segi ég.

„Já, hann varð ekki langlífur,“ svarar Grieg á norsku. „Hann varð aðeins 24 ára. Ég veit nú, að hann hafði oft inspirerað mig, eftir að hann fór yfirum.“

Þetta fannst mér að því leyti einkennilegt, að ég vissi ekki, hvað Nordræk var gamall, þegar hann dó. Og eftir því sem ég komst næst, hafði Indriði enga hugmynd um, að Nordræk hefði nokkurntíma verið til, hvað þá heldur, að hann hefði látizt 24 ára.

Eitt sinn sungu þau Nordræk og frú Malibran saman á tilraunafundi fyrir utan miðilinn þetta erindi eftir Vennerberg: „Ak, vad vårt liv är eländigt!“ hann með mjög sterkri karlmannsrödd og hún með sinni fögru og skóluðu kvenrödd. Þótti það furðulegt á að hlýða.¹⁾

1) Þorkell Þorláksson og Kristján Linnet voru á þessum fundi, og er þeim þessi söngur ennþá mjög minnisstæður. P. P.

XX.

Einu sinni sem oftast var Indriði staddur heimahjá mér um hábjartan dag. Meðan hann stóð við, spilaði ég á orgel lag eftir Chopin. Indriði sat vinstramegin við orgelið. Ég gerði ráð fyrir, að frú Malibran þekkti lagið, sem ég var að spila, enda heyrði ég hana raula undir utanvið Indriða. Þá sé ég að Indriði fer í trans. Hann datt þó ekki af stólnum, sem hann sat á. Indriði datt aldrei útaf í transi. Í því heyrir ég margar raddir, bæði karla og kvenna, syngja fyrir aftan mig, en þó einkum hægramegin við mig, þeim megin, sem Indriði sat ekki. Engin greindi ég þar orðaskil, en raddirnar heyrði ég greinilega, bæði undirraddir og yfirraddir, og sungu allar sama lagið og ég var að spila.

Söngur þessi var að því leyti frábrugðinn venju-
legum söng, að hann líktist meira sætum ómi. Hann virtist koma úr óra fjarlægð, en þó var einsog hann væri sunginn fast hjá mér. Engin rödd skar sig úr

nema rödd frú Malibran. Hana heyrði ég alltaf sérstaka.

Indriði söng stundum í dómkirkjunni með söngfólkinu. Heyrði þá annað veifið bæði ég og söngfólkið annarlegar raddir syngja með. Þetta heyrðu einhverjir kirkjugestir líka. Ég man til dæmis, að Lárus Pálsson hómópati sagði eitt sinn við mig eftir messu:

„Þið voruð ekki alveg ein í dag. Það voru fleiri en söngflokkurinn, sem sungu.“

XXI.

Einu sinni gerði nýlátinn maður vart við sig á tilraunafundi. Ekki man ég, hvað hann hét, en hann hafði átt heima hér í bænum. Erindi hans á fundinn var að biðja okkur að kaupa sporöskjulagað borð, sem hann hafði látið eftir sig, og gefa það manni, er hann nefndi. Ég hef líka gleymt, hver hann var. Enginn okkar, sem á fundinum voru, þekkti neitt hinn framliðna né vissi nokkra grein á þessu sporöskjulagaða borði. Við lofuðum að gera þetta. En svo mun það hafa lent í útideyðum og gleymzt.

Þá er það einn dag, að ég er staddur heimahjá Indriða. Sátum við í fremri stofunni við borð, sem stóð þar útivið gluggann. Á borðinu var krystalskúla á svartri flauelspjötlu. Kúlan hafði verið keypt hjá Light í Englandi og kostaði 9 shillinga.

Alltíeinu hrópar Indriði:

„Nú er verið að selja borðið á uppboði. Ég sé það í krystallinum.“

Við vorum þó að tala um allt annað efni, en þjótum nú upp til handa og fóta og hlaupum þangað, sem uppboðið er. Það var ekki langt frá Tilraunahúsinu. En þegar við komum á uppboðið, þá er verið að enda við að slá einhverjum borðið.

Skömmu síðar var farið heim til kaupandans og hann beðinn að selja Tilraunafélaginu borðið. Og þannig komst það í eigu mannsins, sem hinn framliðni bað um, að fengi það.

Einhverju öðru sinni var ég sem oftast staddur heimahjá Indriða. Hann sat við borðið í fremra herberginu og var að rýna í krystalskúluna. Í þetta sinn var það í því skyni að hnýsast eftir einhverju leyndarmáli. Hann hafði orð á því, að sér gengi illa að sjá þetta, sem hann var að grennslast eftir. Það væri einhver að rugla fyrir sér. Þá er rekið bylmingshögg uppundir borðplötuna, sem Indriði sat við, og rödd sagði fyrir utan hann eða hann skrifaði strax ósjálf-rátt:

„Þið eigið ekki að vera að hnýsast í það, sem ykkur kemur ekki við.“

XXII.

Á þessum árum, sem hér hefur verið frá sagt, átti ég reiðhest, sótrauðan að lit, afburða töltara, er ég hafði keypt af Birni Rósinkranz. Hafði ég hann að vetrinum í hesthúsi í grennd við Gróubæ. En Gróubær stóð lítið eitt fyrir sunnan Vesturgötu og örstutt fyrir vestan þar, sem Garðastræti er nú. Indriði var mikill hestamaður og hafði yndi af að bregða sér á hestbak. Eitt haust, ef til vill haustið 1907, samdist svo um með okkur, að hann hirti þann sótrauða næsta vetur fyrir að fá að koma honum á bak, þegar hann langaði til.

Næsta vor var ég eitt sinn á gangi niðrií miðbæ seint á kvöldi í logni og blíðu. Rekst ég þar á Indriða miðil, og er hann þá að koma vestanúr hesthúsi frá þeim sótrauða, sem hann hafði verið að líta eftir. Indriði slæst í för með mér og urðum við samferða upp Bankastræti. Þegar við erum komnir rétt upphjá Skólastræti, heyrum við að baki okkar fótatak, sem

líktist því, að tryppi labbaði í hægðum sínum götuna fyrir aftan okkur. Varð okkur skjótlega lítið við og sjáum þá skepnu á stærð við lítið tryppi koma upp stíginn á eftir okkur, á að gizka um 40 metra frá okkur. Nótt var björt, svo að við sáum skepnu þessa eins greinilega og um ljósan dag, þó að klukkan væri þá milli tólf og eitt. Sjáum við undireins, að þetta er ekki tryppi, en líkist þó tryppi. Því svipar líka til kálfs, en er samt ekki kálfur. Það sýndist helzt vera einhverskonar vanskapningur úr tryppi og kálfi. Hausinn á því var stærri en eðlilegt væri á ekki stærri skepnu. Það var lægra til kviðarins en tryppi, en virtist þó hafa hófa, eftir fótatakinu að dæma. Það hafði ekki tagl, heldur einhverskonar skott eða hala, er sýndist lítill fyrirferðar. Það var mjög loðið, en þó faxlaust. Á litinn var það svart eða dökkbrúnt. Allt var það mjög hvimleitt og ótótlegt útlits.

Við urðum strax gripnir af óhugnanlegum beyg, þegar við sáum ófreskju þessa koma vappandi upp götuna á eftir okkur, með því líka, að þarna var enginn maður á ferli nema við tveir einir. Tókum við á sprett heimað Sambandshúsi, enda heyrðum við kvikindið koma brokkandi á eftir okkur. Litum við ekki

aftur fyrr en við komum uppað húsinu. Þá sé ég, að kvikindið er komið uppí sundið milli húsanna, sem stóðu við götuna, lyftir upp hausnum og kókir á okkur. Við snörum okkur inní húsið og smellum úti-dyrahurðinni í lás. Í því sé ég, að dýrið er komið inná blettinn fyrir framan húsið. Norðanvið dyrnar stóð stigi, sem reistur hafði verið af blettinum skáhallt uppað húshliðinni eða þakskegginu.

Nú verður þrennt í senn, um leið og við komum inní fremra herbergi Indriða. Indriði fellur undireins í trans, stiginn reisist uppá endann og dettur beint frá húshliðinni útá blettinn, og kvikindið hverfur. Að stiginn datt í þessa stefnu var þvert á móti lögum aðdráttaraflsins. Var engu líkara en honum hefði verið miðað á kvikindið.

Strax og Indriði er fallinn í transinn, talar rödd stjórnandans af vörum hans og segir við mig, að hér sé ekkert að óttast. Það verði séð fyrir því, að okkur verði ekkert mein gert.

„Hvað er þetta?“ spyr ég.

„Það skuluð þið fá að vita síðar,“ svarar stjórnandinn.

Síðan vaknaði Indriði, og ég hélt heim.

Við Indriði komum okkur saman um að segja engum frá þessu öðrum en Einari H. Kvaran, Haraldi Níelssyni og Birni Kristjánssyni, því að við óttuðumst, að þetta mundi hræða fólk frá tilraunafundunum, ef það spyrðist út.

Litlu síðar var haldinn tilraunafundur, ég held heimahjá Einari H. Kvaran. Voru á fundinum auk miðilsins aðeins Einar, Haraldur, Björn Kristjánsson og ég. Indriði féll í trans, og samstundis var einsog kvæði við hófatak á gólfinu í fundarherberginu. Þá fór ónota-hrollur um okkur alla. En rétt á eftir heyrum við hljóð, sem einna helst líktist því, er gufa þrýstist gegnum óþétt samskeyti á gufuvél. Og í sömu andrá þagnar hófatakíð.

Við spurðum stjórnandann, hverskonar ófreskja þetta væri. Hann sagði, að það væri maður, sem hefði hengt sig í hesthúsi og einhvernveginn komizt uppá að hagnýta sér efni úr skepnum til þess að ná sambandi við jarðheiminn. Skildist okkur, að hann stæði svo lágt andlega, að hann gæti ekki notfært sér efni úr mannverum til að ná þessu takmarki. Datt mér þá í hug, að hann hefði fylgt Indriða uppí hesthúsið um kvöldið og náð þar krafti úr Sóta mínum til þess að

komast inní þennan heim. Stjórnandinn sagði okkur, að svona ófreskjum mætti eyða héðanmeginfrá með því að skjóta á þær úr byssu. Þessvegna gaf Björn Kristjánsson Indriða skammbyssu til að hafa hjá sér. En aldrei varð ég þess var, að Indriði notaði hana til eins eða neins.

Þessa skepnu kölluðum við tryppið, þó að það líkist helst vanskapnaði úr tryppi og kálfi. Það gerði nokkrum sinnum vart við sig á fundum og birtist alltaf með sama hætti. Fyrst heyrðist hófatak á gólfinu, síðan kom hviss-hljóðið og um leið þagnaði hófatakið. Stjórnandinn tjáði okkur, að hviss-hljóðið stafaði af því, að þeir væru þá að aflíkama tryppið hinumegin og gerði það norskir læknirinn. Annars virtist kvikindi þetta ekki vilja gera neitt illt af sér, heldur einsog vera svona með. Samt var það illa séð bæði meðal okkar og þeirra hinumegin. Eftir nokkra fundi hvarf það með öllu.¹⁾

1) Ég heyrði söguna af tryppinu fyrir milli 20 og 30 árum og nokkurnveginn alveg eins sagða og Brynjólfur hefur sagt hana hér. Þorkell kveðst hafa heyrt bróður sinn segja frá þessum atburði rétt eftir að hann gerðist og þá á sama veg og hér. Hann segir sig einnig reka minni til að hafa heyrt hófatakið og hviss-hljóðið

XXIII.

Sumir tilraunafundir voru haldnir í því skyni að koma í kring svonefndum flutningafyrirbærum og voru því kallaðir flutningafundir. Ég held þeir hafi allir verið haldnir heimahjá Einari H. Kvaran, í sérstöku herbergi uppiá lofti í húsinu. Fluttust þá stundum inní fundarherbergið hinir og þessir munir héðan og þaðan utanúr bæ. Ýmsum fundarmönnum var illa við þessi fyrirbæri af þeirri ástæðu, að það kostaði oft mikla fyrirhöfn að grafa það upp, hvaðan munir þessir væru og að koma þeim aftur til eigendanna.

Ég var aðeins á einum flutningafundi. Indriði var í transi, og einhver eða einhverjir sátu hjá honum og gættu hans, einsog venja var til, þegar hann var í miðilssvefni.¹⁾ Einhverntíma á fundinum heyrum við, að

á tilraunafundunum. Kristján Linnet heyrði Indriða kvarta undan því, að hann væri stundum að rekast á tryppið í forstofunni í Tilraunahúsinu. Þ. Þ.

1) Það var oft Haraldur Níelsson eða Einar H. Kvaran.

Þ. Þ.

eitthvað er sett á borð, sem stóð í fundarherberginu. Í sömu svipan er brugðið upp ljósi. Gefur þá að líta á borðinu glas með höggormi í spíritus. Við gizkuðum á, að þetta væri af náttúrugripasafninu, og spurðumst fyrir um það daginn eftir hjá safnverðinum. En þar hafði ekkert glas horfið. En eitthvað þrem dögum seinna tókst einhverjum að hafa uppi á eigandanum. Glasið með höggorminum var til okkar komið úr litlu náttúrugripasafni, sem Guðmundur Magnússon læknskólakennari átti. Safnið geymdi hann uppiá efsta lofti í húsinu, sem hann bjó í við Amtmannsstíginn, Amtmannshúsinu svonefnda.

XXIV.

Á tilraunafundunum birtist oft dönskumælandi maður, er kvaðst heita Jensen og hafa verið verksmiðju-eigandi í Kaupmannahöfn, þegar hann var hér í heimi. Hann mælti oft af vörum miðilsins, en heyrðist öðrum stundum tala fyrir utan hann. Hann líkamaðist einnig iðulega á fyrstu árum tilraunanna, stundum sýnilega, stundum aðeins þreifanlega.

Þegar líkamning hans varð sýnileg, birtist hún æfinlega einsog bjartur og fagur ljósstólpi, liðlega mannhæðarhár og ívið gildari en mannslíkarni. Inni í þessu ljósi sáum við mannsmynd, þó ekki svo skýra, að við fengjum t. d. greint vel drætti í andlitinu. Ljósstólpi þessi var mjög hvítur og þó með lítið eitt bláleitum blæ, sérlega bjartur og blakti ekki. Samt lýsti hann ekki verulega frá sér. Þó sáum við miðilinn, þegar ljósstólpinn stóð hjá honum, þar sem hann sat í transinum, þrátt fyrir það, þó að dimmt væri annars í herberginu. Þetta fyrirbæri stóð aldrei nema örstutta

stund í einu, og var því ávallt samfara lágt suð, mjög svipað því, er norski læknirinn var að líkama trypp-
ið. Oft urðum við þess cinnig varir, að Jensen tók á okkur, þegar hann líkamaðist.¹⁾

Eitt sinn sem oftast var tilraunafundur haldinn uppiá lofti í húsi Einars H. Kvarans við Stýrimanna-
stig. Indriði var í transi. Þá verð ég alltíeinu var við, að eitthvað kemur í fangið á mér. Mér verður það fyrir að fálma til höndunum, alveg ósjálfrátt. Finn ég þá, að þetta er nakinn mannsfótur. Dimmt var í herberginu, svo að ég gat ekki greint fótinn með aug-

1) Þorkell Þorláksson segist hafa séð líkamningu Jensens að-
eins á einum fundi. Það hefði verið á fyrsta tilraunafundinum, sem hann hefði verið á, en sá fundur hefði verið haldinn heimahjá Einari H. Kvaran. Hann lýsir henni hérumbil alveg eins og Brynj-
ólfur. Segir, að ljósstólpinn hefði verið mjög líkur á lit og tungls-
skinsbirta, einsog hálf-gagnsær úti í jöðrunum, og þar hefði mátt greina í honum fellingar svipaðar og á fati. Hann hefði verið á hæð við meðalman, en tæplega eins gildur. Hann hefði ekki lýst frá sér, en þó hefði mátt sjá miðilinn, þegar stólpinn var nærri honum. Þorkell segist hafa séð ljósstólpann fimm sinnum þetta kvöld á ýmsum stöðum í fundarherberginu, þarameðal einu sinni uppiá sóffa, er þar hefði verið inni, en örstutta stund í hvert skipti,

Einari H. Kvaran hefur lýst líkamningu Jensens á þessa leið í fyrirlestri sínum *Metapsykiske Fænomener paa Island*:

„... Þessi landi yðar, sem við höfum öll miklar mætur á, kynnti

unum. En ég þreifaði um hann aftur og aftur alla leið frá il uppað hné. Lengra fannst mér ekki viðeigandi að fara. Fann ég meðal annars, að á fætinum voru talsvert gild og stinn líkhár. Eftir dálitla stund tekur fóturinn að dragast hægt og hægt uppúr fangi mér. Fylgdi ég honum með höndunum, meðan ég náði til úr sæti mínu, en stóð síðan upp og hafði hendur á honum eins hátt upp og ég gat teyggt mig.

sig reyndar með mjög óvenjulegum og glæsilegum hætti. Hann sagði okkur, að hann kæmi beint frá Kaupmannahöfn og að þar væri bruni, verksmíðja væri að brenna. Klukkan var um 9, þegar hann kom. Svo hvarf hann og kom aftur klukku tíma seinna. Þá hefðu þeir rétt í því ráðið niðurlögum eldsins, sagði hann. Við höfðum þá ekki neinn síma, svo að við vorum neydd til að bíða með að ganga úr skugga um það, sem hann sagði. Við rituðum það hjá okkur og komum skjalinu til geymslu hjá biskupinum. Með næsta skipi færðu blöðin okkur þar fréttir, að þetta kvöld hefði orðið mikill bruni í Kaupmannahöfn — í Store Kongensgade held ég það hafi verið — þar sem verksmíðja hefði brunnið meðal annars. Og þar stóð einnig, að um kl. 12 hefði tekizt að ráða niðurlögum eldsins. Einsog þið vitið er klukkan um það bil 12 hér í Kaupmannahöfn, þegar hún er 10 í Reykjavík. Fréttin reyndist því að vera algerlega nákvæm.

... Svo varð Jensen sýnilegur í ljósinu (sem þeir hinumegin höfðu verið að reyna að framleiða undanfarna mánuði). Eftir nýár sýndi hann sig í stofunni, sem við sátum í. Hann var klæddur í hvíta, forkunnarfína skikkju, sem náði alveg niðurað gólfi. Ljósíð

Þar dróst hann uppúr höndum mér. Fóturinn var hvorki heitur né kaldur viðkomu.

Þessi fótur var af Jensen, að því er hann sagði okkur sjálfur eða stjórnandinn.

Það bar til á öðrum fundi, er ég var að spila á orgelið, að tekið var afar varlega um hendur mér, einsog maður stæði bakvið orgelið. En handtökin voru svo létt, að ég gat samt sem áður haldið áfram að spila. Um leið er hvíslað við andlitið á mér:

geislaði útfrá honum. Við sáum hann á ýmsum stöðum í herberginu. Stundum stóð hann fasthá einhverjum okkar. Einusinni stóð hann uppiá sóffa og bakvið herðar honum var einsog sól á veggnum. Það var undrafögur sjón. Stundum stóð hann á stólbakinu bakvið miðilinn. Einu sinni sat hann með miðilinn á knján-um. Hann gat ekki staðið við lengur en eitt augnablik í hvert sinn, en hann sýndi sig oft á hverjum fundi. Einu sinni sýndi hann sig í ellefu skipti á einum klukkutíma. Á einum fundi sá hann 40 manns í einu og mörgum sinnum. Ég þarf varla að fullvissa yður um, að í þá tíð var landi yðar, Jensen klæðaverksmiðjuvegandi, for-
takslaust vinsælasti maður í félagsskapnum.“

Frú Kvaran segir, að skjalinu með brunafréttinni hafi verið komið til geymslu hjá Hallgrími Sveinssyni biskupi af þeirri ástæðu, að hann hefði keypt Politiken, og þar hefði verið búizt við að fréttin af brunanum kæmi, ef hún ætti við rök að styðjast. Hún segir ennfremur, að Jensen hefði alltaf spurt um leið og hann birtist á fundunum: „Kan de se mig?“

Þ. Þ.

„Bliv bare ved. Du skal ikke være bange. Det er mig, Jensen.“

Þannig var haldið um hendurnar á mér nokkra stund. Samtímis heyri ég, að Haraldur Níelsson er að mæla við stjórnandann gegnum miðilinn, og enn fremur gat að heyra í sömu svifum talað gegnum lúður, sem við höfðum inní salnum.

Þetta gerðist í litla tilraunasalnum.

XXV.

Eitt sinn bar það við, að Sigurður prestur Gunnarsson var staddur á innra fundi í minni tilraunasalnum. Mikill hluti fundartímans fór í það, að kona hans, sem þá var dái, gæti sannað sig fyrir manni sínum. Um eitt skeið fundarins varð löng þögn. Þessi þögn var rofin með því, að séra Sigurður segir:

„Nú er mér öllum lokið. Nú hef ég sannfærzt.“

Síðan segir hann, að hönd konu sinnar hafi holdgæzt. Hafi hann þreifað vandlega um hana og borið glögg kennsl á hana af hnút eða brisi, sem hún hefði haft á einum fingrinum. Hefði hnúturinn eða brisið verið hér á sömu hendi, sama fingri og sama stað á fingrinum. Hún heyrðist einnig ávarpa mann sinn fyrir utan miðilinn.

Þetta taldi séra Sigurður mikla sönnun.

XXVI.

Á útmánuðunum 1908 bar það til tíðinda hér í bæ, að kona nokkur réð sig af dögum. Þrem dögum eftir burtför sína héðan tók hún að gera mjög átakanlega vart við sig á tilraunafundunum. Henni leið illa, og stóðu af henni um tíma miklar hræringar, bæði á fundunum og í hýbýlum Indriða. Stjórnandinn komst svo að orði um ásigkomulag hennar:

„Hún æðir eirðarlaus og friðlaus fram og aftur um loftið.“ Mun þar vera átt við loftið, þar sem hún dó. Hún kvartaði einnig sjálf um illa líðan, veinaði aumkunarlega og hrópaði: „Æ! Æ!“ og þvertók fyrir, að nokkur gæti hjálpað sér. Hún þreif í hönd séra Haraldí með þvílíkum ofsa, að hann kvað enga ósýnilega veru hafa tekið í hana af svipuðu afli, ekki einu sinni Jón úr Vestmannaeyjum. Rétt á eftir gargaði hún uppí eyrað á honum fyrir utan miðilinn. Hún þrýsti mjög fast á öxl mér. Hún rykkti stólnum undan miðlinum og fleygði honum burtu. Hún tók

tréþípu, sem hékk á uglu á veggnum, og lamdi henni uppí loftið á litla fundarsalnum og úti báða veggina á víxl þvert yfir salinn og togaði þípuna af séra Haraldi, eftirað hann náði handfestu á henni. Hún heyrðist berja feiknaleg högg hér og þar í fundarsalnum og kippti á loft orgelinu, meðan ég var að spila á það, og lét það síðan skella niðurá gólfið. Á einum fundinum var hurðinni milli stóra og litla fundarsalsins hrundið upp tvílæstri. Var okkur sagt, að þá hefðu þeir hinu-megin verið að koma konunni útúr húsinu.¹⁾

Eitt kvöldið eftir fund var það afráðið, að Þorkell bróðir minn yrði næstu nótt hjá Indriða fyrir öryggis-sakir. Indriði svaf í rúmi sínu, en Þorkell á dývan í fremra herberginu. Þá nótt gerðist ekkert sögulegt í hýbýlum Indriða.

Þorkell vaknaði snemma um morguninn og lá nokkra stund vakandi á dývaninum áður en hann fór að klæða sig. Þetta var um vor, og það var orðið bjart af degi. Áður en minnst varir sér Þorkell, hvar þvottakanna full af vatni kemur siglandi í loftinu innanúr

1) Frú Kvaran segir, að þau hefðu séð konuna og þá, sem voru að koma henni út, um leið og þau bar við skímuna, sem lagði inn með gluggatjöldunum, því að bjart hefði verið úti. P. P.

svefnherberginu og dettur niðurá gólfíð í fremri stofunni og vatnið flóir útum allt gólf. Þorkell þýtur upp í sama andartaki og vill ganga úr skugga um, hvort þetta geti stafað af völdum Indriða. En Indriði liggur grafkyrr undir sæng sinni, að vísu vakandi, en auðséd á öllu, að hann hafði ekki bært á sér í rúminu. Hann hafði orð á, að líka hefði verið kastað til skóm í svefnherberginu.

Kona þessi var með öllu óviðráðanleg á tveimur eða þremur fyrstu fundunum, sem hún kom á. En uppúr því fór hún lítið eitt að róast og átta sig. Mun það hafa verið fyrir áhrif af fundunum og viðleitni þeirra hinumegin. Bað hún þá, að við bæðum fyrir henni. Haraldur Níelsson flutti þá upphátt fagra bæn, og býst ég við, að allir fundarmenn hafi tekið undir hana með honum í hljóði. Konan sagði á eftir bæninni, að sér létti nokkuð. Á næsta fundi kvað hún líðan sína betri. Þeir hinumegin skýrðu okkur svo frá, að hún hefði komizt undir handleiðslu Hallgríms Péturssonar einsog sagt var um fleiri, sem líkt var ástatt um.¹⁾

1) Þorkell Þorláksson hefur líka sagt mér þessa sögu alla. Gerðabókin hermir einnig á sama veg frá öllum þessum atburðum.

XXVII.

Þess hefur áður verið getið, að norski læknirinn legði sig mjög í líma með að framleiða ljós í því skyni að gera líkamningafyrirbærin sýnileg á tilraunafundunum. Þeir sögðu okkur hinumegin, að líkamningarnir væru fullgerðir, en væru okkur ósýnilegir sakir þess, að þeim tækist ekki að útbúa birtu til að lýsa þá upp.¹⁾

Við, sem tilraunafundina sóttum að staðaldri, höfðum ástæðu til að ætla, að þetta væri ekki úti bláinn sagt. Það var engum efa undirorpið, að líkamningarnir

1) Einar H. Kvaran segir um þessar tilraunir í Metapsykiske Fænomener paa Island: „Stjórnendurnir segja, að hjarta miðilsins sé nú ekki eins sterkt og það hafi verið í byrjun tilraunanna, en að ljósfyrirbrigðin hafi aðallega verið tendruð með orku, sem hefði lagt frá hjartanu. Þeir hafa gert margvíslegar tilraunir til að hagnýta höfuð hans á sama hátt, en þeim hefur ekki tekizt það hingað til. En við höfum *talað* við holdgæðar verur, við höfum *þreifað* á þeim, þær hafa *umfaðmað* okkur, og þær hafa *kysst* okkur.“
P. P.

voru oft meðal okkar á fundunum. Ófreskir menn sáu þá annað veiðið, þó að þeir væru huldír sjónum okkar, sem enga höfðum skyggina. En við þreif- uðum oft á þeim og þeir á okkur. Mér er það enn í minni, að eitt kvöld þreifudu fundarmenn á þremur líkamningum sitt á hverjum stað í fundarsalnum.

Á sumum fundum gerðust og atburðir, sem virt- ust staðfesta þá frásögn, að verið væri að reyna að framleiða ljós eða birtu. Á fundi, sem haldinn var í litla salnum 7. febrúar 1908, virtist ein slík tilraun fara fram. Miðillinn sat á stóli fyrir framan byrgið og var í transi. Allt í einu er honum kippt inni byrgið. Það heyrir skjálfa og hrynja úr byrgismúrnum. Sum- ir fundarmenn heyra titring á bekkjunum, sem þeir sitja á. Þá sést all-mikið ljós og rétt á eftir stendur allt byrgið í björtum ljóma. Jón sagnfræðingur og fleiri sjá miðilinn glöggt inni byrginu bakvið tjöldin. Einnig heyrir högg all-mikið. Síðan heyrir spurt útiá gólfinu fyrir framan byrgið:

„Kan de se mig?“ Og litlu síðar: „Jeg stár her udenfor.“

Á innra fundi, 6. apríl 1908, hrundi byrgið á ýmsum stöðum. Setan í stólnum, sem miðillinn sat

á, klofnaði í tvennt. Konráð Gíslason bað um annan stól handa honum. Þá var kveikt ljós. Miðlinum var kippt af brotna stólnum af ósýnilegu afli. Stólbrotið var skýrt fyrir okkur þannig, að krafturinn hefði óvart lent á stólnum.

Fjórum dögum síðar, 10. apríl, hélt innri hringurinn ennþá fund í litla tilraunasalnum. Þá heyrðust smellir í byrginu, líktog þegar flötum lófa er skellt á borð, en uppúr byrgispakinu brá fyrir nokkrum sinnum rauðgulum eldblossum daufum. Rétt á eftir heyrðist hávær skruðningur, einsog eitthvað væri að hrynja. Þegar ljós var kveikt, gaf að líta þau verksumtærki, að allur múrveggurinn á austurhlið byrgisins er hrúrninn niðurúr, en á gólfinu hjá byrginu liggur steinsteypa í smáum molum og sandfínum salla, og dyrtjöldin fyrir byrginu og teinninn, sem þau héngu á, voru dottin niðurá gólf.

Ég var ekki á þessum fundi. En svona var mér sagt frá því, sem þar hafði gerzt þetta kvöld, enda vakti þetta undur mikið umtal.¹⁾

1) Þorkell var á þessum fundi og hefur einnig lýst þessu fyrir mér á sama veg. Gerðabókin segir og hérumbil alveg eins frá, þar á meðal frá veggurinu.

XXVIII.

Það var algengt á tilraunafundum, að um okkur legði allt í einu kuldagusu, þó að heitt væri í fundar-
salnum og þar væri hvergi opnar dyr né gluggi. Ég
man eftir einni slíkri kuldabylgju á innra fundi í litla
salnum. Þá segir fólkidið á fremstu bekkjunum:

„Af hverju er svona kalt?“

Þetta var undir fundarlok. Ofninn var rauðkyntur
og heitt í salnum. Þegar Indriði er að vakna af
transinum, hrópar hann upp:

„Nei, sko manninn! Hann er eitt klakastykki.“

Á eftir fengum við þá skýringu, líklega hjá Kon-
ráði, að þetta hefði verið maður, sem hefði orðið úti.

Í annað sinn fór fólk að tala um það á fundi, að
það fyndi svo mikla þaralykt. Indriði var í transi.
Þá er okkur sagt gegnum miðilinn, að inní salinn sé
komin heil skipshöfn, sem farizt hefði. Skipshöfn
þessi olli miklum reimleikum á nokkrum fundum.
En ekki man ég að skýra frá þeim í einstökum atrið-
um.

Ég átti á þessum árum sítar, sem ég léði á tilraunafundina. Var sett á hann fosfór, svo að lýsti af í myrkri. Sítarinn sást oft svífa um fundarsalinn í loftinu bæði hátt og lágt. Spiladós með fosfóri á var einnig höfð á fundunum. Stóð hún á borði í fundarsalnum og var stundum trekktt upp af ósýnilegu afli. Hún sveif um spilandi í loftinu hringinn í kring í fundarsalnum og alla leið upp að lofti.¹⁾

Á fundunum voru hafðir tveir lúðrar, annar fremur lítill, hinn stór. Þeir voru handa hinum ósýnilegu gestum, sem ekki höfðu næga orku til að láta rödd sína heyrast lúðurlaust fyrir utan miðilinn. Lúðrunum var sveiflað í loftinu yfir fundarfólkinu og allt í kring og talað um leið í gegnum þá. Stundum brugðu hinir ósýnilegu kraftar víðari enda lúðranna að eyra einhvers fundarmannsins og í næsta andartaki að eyra öðrum fundarmanni, sem sat langt frá hinum fyrri, og töluðu gegnum þá um leið. Stundum voru þessar sveiflanir á lúðrunum svo fimlega leiknar, að engu var líkara en talað væri í eyra nokkurra fundarmanna í sama andartaki gegnum sama lúðurinn. Stærri lúð-

1) Frú Gíslína Kvaran segist muna það með fullri vissu, að spiladósinn hafi vegið 50 pund.

urinn stóð á járnfæti all-þungum, þegar hann var ekki í notkun. Einu sinni var járnfóturinn fluttur fram- fyrir fundarmenn í stóra salnum.

Eitt sinn sem oftast hélt innri hringurinn fund í litla salnum. Indriði sat á stólnum fyrir framan byrgið og var í transi. En svo vissum við ekki fyrri til en hann vaknar af transinum á bekk fyrir aftan okkur. Þetta gátum við ekki skilið á neinn annan veg en þann, að hann hefði verið fluttur yfir okkur afturá bekkinn og það með svo miklum myndugleik, að við heyrðum ekkert minnsta þrusk, þegar hann væri hafinn á loft eða settur niður. Fremstu bekkirnir voru þétt skipaðir fólki alla leið fast útað austurveggnum. En með vesturveggnum var örmjór gangvegur, sem gengið var um, þegar setzt var á bekkina. Á þessum fundi sat Þorkell bróðir minn vestast á öðrum eða þriðja bekk að framan, útivið gangveginn. Hann fortækur, að Indriði hefði getað komizt inn gangveginn framhá honum, án þess hann yrði var við. Þorkell kveðst oft hafa stutt hendinni úti vegginn, þegar hann sat vestast á bekk. Breiðari en það var gangvegurinn ekki. Aðra leið gat Indriði ekki komizt afturá bekkinn öðruvísi en að klifra yfir fundarmenn. Þegar ljósið var kveikt

og við Sáum Indriða á bekknum fyrir aftan okkur, varð Einari Kvaran að orði: „Nú! Þú ert þá þarna.“¹⁾

Þá urðum við ekki lítið undrandi kvöldið sem Guðmundur heitinn Scheving læknir lét til sín heyra í fyrsta sinn á tilraunafundi. Guðmundur hafði mjög einkennilegt málfæri í lifendalífi, stamaði og var þó fljótæltur. Allt í einu heyrum við þessa fágætu rödd tala, ekki af vörum miðilsins, heldur í loftinu fyrir utan miðilinn. Þetta var svo nákvæmlega eins á að heyra og Guðmundur hafði talað, þegar við þekktum hann, að við gátum ekki annað en spurt sjálfa okkur: Hvað er þetta? Er maðurinn kominn hingað lifandi?

Allir fundarmenn, sem þekkt höfðu Guðmund Scheving, urðu algerlega forviða og ekki sízt Einar H. Kvaran.²⁾

1) Þessa sögu hefur Þorkell líka sagt mér.

P. P.

2) Þorkell var á þessum fundi og hefur lýst fyrir mér nákvæmlega eins þessari komu Guðmundar.

P. P.

XXIX.

Ég ætla, að ég hafi nú sagt frá flestum þeim dularfullu fyrirbærum úr samvistum okkar Indriða, sem mér urðu einna minnisstæðust. Að vísu er þetta aðeins lítið brot af öllum þeim undrum, sem gerðust kringum þennan furðulega mann, bæði á tilraunafundunum og utan funda. Sumt af því var engu smábrotinara en það, sem hér hefur sagt verið, þó að ég kunnist ekki frá því að greina eftir öll þessi ár. En hitt, sem var ef til vill smærri í vöfum, hafði margt hvað engu minna sönnunargildi. Kannski þvertámóti. Það voru oft smámunirnir, sem fæstum voru kunnir, er færðu okkur ríkastar sannanir fyrir því, að þessar ósýnilegu verur, sem við umgengumst sumar hverjar árum saman, væru einmitt þær, sem þær sögðust sjálfar vera.

Samverustundum okkar Indriða fór fækkandi síðustu æfiár hans. Ég hætti þá að mestu að sækja tilraunafundina, og Indriði dróst meira og meira útúr lífi mínu, og ég vissi minna og minna, hvað á daga

hans dreif. Hann hefði sjálfsagt átt eftir að flytja okkur mikla þekkingu frá hinum ósýnilega heimi, ef hans hefði notið lengur við. En Indriða varð ekki ellin að æfítíla. Hann veiktist af lungnatæringu og andaðist á Vífilsstaðahæli 30. ágúst 1912 á 29. aldursári.

Hinn 25. september ritaði Einar H. Kvaran minningargrein eftir hann neðanmáls í Ísafold. Einar hafði starfað með Indriða í ein sex til sjö ár og var honum því nákunnugur. Þessvegna ætti ekki að vera ófróðlegt að tilfæra hér nokkur atriði úr lýsingu þessa glögg-skyggna manns á gáfnafori og hæfileikum Indriða. Einar segir svo frá:

„. . . Um nokkur ár var hann einn þeirra manna, sem allra mest var talað um á þessu landi. Og í sinni grein var hann vafalaust einn af merkilegustu mönnum heimsins. . . .

Hann var hrókur alls fagnaðar í hópi kunningja sinna. Glæðværðin svo gáskafull. Greindin svo skörp, skilningurinn á mönnum og málefnum svo ljós, þó að bókleg þekking væri ekki mikil. Orðalagið var svo gáfulegt og hnitíð. Augað svo næmt á skringihlið-

arnar. Og listamannseðlið svo ríkt, að hann varð aldrei ruddalegur í galsanum, þegar hann naut sín . . .

Ég ætla ekki að fara að gera hér grein þeirra margvíslegu dularfullu fyrirbrigða, sem gerðust í návist Indriða Indriðasonar.

Það yrði langt mál og til þess þyrfti mikinn tíma og mikla vandvirkni, og að ofurlitlu leyti hef ég gert það áður. En minna finnst mér ekki verða sagt í til efni af andláti hans en það, að ég og ýmsir aðrir, sem beztan kost áttu að athuga þessi fyrirbrigði, *vitum* það með vissu, að þau gerðust, að þar var ekki um neina blekkingu að tefla, að því er til fyrirbrigðanna sjálfra kom, hvorki um nein brögð frá Indriða hálfu, né um neinar skynvillur okkar, sem með honum voru.

Um það efni er ég ekki í neinum vafa, og get aldrei orðið það, meðan ég held vitinu. Og sú vissa hefur að ýmsu leyti gerbreytt hugmyndum mínum um tilveruna . . .

En hvað sem kann að mega segja með og móti (því, hvaðan fyrirbrigðin komi), þá var Indriði Indriðason ekki í neinum vafa um það mál. Hann vissi ekki annað en að hann hefði samband við framliðna menn; hann vissi ekki annað en hann hefði séð þá

og heyrnt til þeirra og talað við þá og notið hjá þeim margvíslegrar aðstoðar og óslitins ástríkis um nokkur ár. Þeirri sannfæringu hélt hann fram í andlátíð.

Ég átti tal við hann rúmum sólarhring áður en hann andaðist. Hann var með fullri rænu, en sýnilega mjög aðfram kominn. Bjúgur var kominn á bak og fætur, og málrómurinn var svo veikur, að ég varð að taka mjög vel eftir, til þess að heyra það, sem hann sagði, þó að ég sæti fast við rúmið hans. Mér fannst óhugsandi annað en hann færi nærri um, hvað sér liði, þó að ég auðvitað spyrði hann ekki að því. En ég spurði hann, hvort hann yrði nú aldrei var við vini sína handan að.

„Jú, oft,“ sagði hann. „Í hvert sinn, sem mók rennur á mig, veit ég af þeim.“

„En verðurðu þeirra aldrei var, þegar þú ert vakandi?“ spurði ég.

„Jú, ég sé þá líka alvakandi, einkum þegar ofurlítið fer að skyggja.“

Þetta var síðasta staðhæfing hans með dauðann fyrir augum. Við töluðum nokkuð meira um þetta. Vissa hans um þá var alveg jafnglögg eins og vissa hans um mig. . . .“

XXX.

Þegar ég dvaldist í Winnipeg í Kanada, kom ég þar einusinni á nokkurskonar tilraunafund. Miðillinn var íslensk kona. Auk mín voru á fundinum sonur hennar, sem einnig hafði miðilshæfileika, ennfremur íslensk stúlka og enskur leikari við Winnipeg Theatre, maður, sem var gæddur mikilli andlegri orku. Ekkert þeirra vissi nokkura grein á Indriða miðli.

En á þessum fundi talaði af vörum miðilsins persónuleiki, sem sagðist vera Indriði Indriðason. Röddin var lík rödd Indriða heitins. En hitt fannst mér þó miklu meira sannfærandi, hve orðalagið, málblærinn og setningaformin voru bókstaflega eins og Indriði talaði í lifanda lífi.

Lýk ég hér endurminningum mínum um Indriða Indriðason miðil, sem var furðulegastur allra manna, er ég hef kynnt á lífsleið minni, og mér hefur orðið minnistæðari en allir aðrir.